



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY

# Ímynd Vesturlands

**Athugun á viðhorfum íbúa höfuðborgarsvæðisins  
og íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra**

Unnið fyrir Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi

**Febrúar 2007**

**Grétar Þór Eypórsson  
Eva Heiða Önnudóttir  
Kolfinna Jóhannesdóttir  
og Hólmfríður Sveinsdóttir**

Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst

311 Borgarnes. Sími: 433-3000  
[www.rannsoknamidstod.bifrost.is](http://www.rannsoknamidstod.bifrost.is)

## Efnisyfirlit

<b>1. INNGANGUR</b> .....	5
<b>2. FRAMKVÆMD OG ÚRVINNSLA</b> .....	5
<b>3. HVAÐ TENGIR FÓLK HELST VIÐ VESTURLAND OG SVÆÐI INNAN ÞESS?</b> .....	6
VESTURLAND SEM HEILD .....	7
AKRANES OG NÁGRENNI .....	11
BORGARFJÖRÐUR .....	16
SNÆFELLSNES .....	20
DALIR .....	24
SAMANTEKT .....	28
<b>4. AÐ BÚA Á VESTURLANDI?</b> .....	30
SAMANTEKT .....	36
<b>5. HVAÐA BÚSETUSKILYRÐUM SÆKIST FÓLK EFTIR?</b> .....	37
SAMANTEKT .....	63
<b>6. ÍMYND VESTURLANDS TENGD FERÐAMENNSKU</b> .....	64
AKRANES OG NÁGRENNI .....	64
BORGARFJÖRÐUR .....	73
SNÆFELLSNES .....	79
DALIR .....	81
SAMANTEKT .....	86
<b>7. RÝNIHÓPAR</b> .....	88
HVAÐ DETTUR FÓLKI FYRST Í HUG ÞEGAR SVÆÐIN ERU NEFND? .....	88
HVERNIG ÍMYND Hafa SVÆÐIN? .....	89
EITTHVAÐ SEM VANTAR INN Í UMFJÖLLUN UM ÍMYND SVÆÐANNA .....	89
VESTURLAND SEM ÁNINGASTAÐUR FERÐAMANNA .....	90
VESTURLAND VALKOSTUR TIL BÚSETU .....	90
<b>8 HELSTU NIÐURSTÖÐUR</b> .....	91
ALMENN ÍMYND VESTURLANDS OG EINSTAKRA SVÆÐA .....	91
HVERJIR VILJA BÚA Á VESTURLANDI? .....	92
ÍMYND VESTURLANDS SEM FERÐAMANNASTAÐAR .....	93

## Töflur

TAFLA 1	KEMUR TIL ÁLITA AÐ BÚA Á AKRANESI OG Í NÁGRENNI, BORGARFIRÐI, SNÆFELLNESI EÐA Í DÖLUNUM? .....	30
TAFLA 2	EF ÍHUGAÐ AÐ SETJAST AÐ Í ÖÐRUM LANDSHLUTA, HVERSU MIKILVÆG ERU EFTIRTALIN ATRÍÐI? ...	37
TAFLA 3	FIMM ÞÆTTIR SEM FÓLK TELUR VERA MIKILVÆGA EF ÞAÐ ÍHUGAR AÐ SETJAST AÐ Í ÖÐRUM LANDSHLUTA .....	38
TAFLA 4	ATRÍÐAGREINING Á ÞÁTTUM; ÞJÓNUSTA VIÐ BARNAFJÖLSKYLDUR, NÁTTÚRA / KYRRÐ OG GÓÐ LÍFSKJÖR / FRAMFÆRSLUKOSTNAÐUR .....	39
TAFLA 5	ÞJÓNUSTA VIÐ BARNAFJÖLSKYLDUR GREINT EFTIR KYNI, ALDRI OG BÚSETU .....	39
TAFLA 6	NÁTTÚRA / KYRRÐ GREINT EFTIR KYNI, ALDRI OG BÚSETU .....	40
TAFLA 7	LÍFSKJÖR / FRAMFÆRSLA GREINT EFTIR KYNI, ALDRI OG BÚSETU .....	41
TAFLA 8	HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR NEÐANTALDIR ÞÆTTIR EIGA VIÐ UM AKRANES OG NÁGRENNI?...	64
TAFLA 9	HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR NEÐANTALDIR ÞÆTTIR EIGA VIÐ UM BORGARFJÖRÐ? .....	73
TAFLA 10	HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR NEÐANTALDIR ÞÆTTIR EIGA VIÐ UM SNÆFELLSNES? .....	79
TAFLA 11	HVERSU VEL EÐA ILLA FINNST ÞÉR NEÐANTALDIR ÞÆTTIR EIGA VIÐ UM DALINA? .....	81

## Myndir

MYND 1	HVAÐ DETTUR ÞÉR ALLRA FYRST Í HUG ÞEGAR VESTURLAND ER NEFNT? N=387 .....	7
MYND 2	HVAÐ ER AÐ ÞÍNU MATI HELST EINKENNANDI FYRIR VESTURLAND? N=331 .....	8
MYND 3.	HVAÐA ATBURÐ TENGIR ÞÚ HELST VIÐ VESTURLAND? N=195 .....	9
MYND 4	HVAÐA STAÐ TENGIR ÞÚ AÐALLEGA VIÐ VESTURLAND? N=327 .....	9
MYND 5	EITTHVAÐ NEIKVÆTT VIÐ VESTURLAND? N=191 .....	10
MYND 6	HVAÐ DETTUR ÞÉR ALLRA FYRST Í HUG ÞEGAR AKRANES OG NÁGRENNI ER NEFNT? N=392 .....	11
MYND 7	HVAÐ ER AÐ ÞÍNU MATI HELST EINKENNANDI FYRIR AKRANES OG NÁGRENNI? N=343 .....	12
MYND 8	HVAÐA ATBURÐ TENGIR ÞÚ HELST VIÐ AKRANES OG NÁGRENNI? N=234 .....	13
MYND 9	HVAÐA STAÐ TENGIR ÞÚ AÐALLEGA VIÐ AKRANES OG NÁGRENNI? N=311 .....	14
MYND 10	EITTHVAÐ NEIKVÆTT VIÐ AKRANES OG NÁGRENNI? N=199 .....	14
MYND 11	HVAÐ DETTUR ÞÉR ALLRA FYRST Í HUG ÞEGAR BORGARFJÖRÐUR ER NEFNDUR? N=403 .....	16
MYND 12	HVAÐ ER AÐ ÞÍNU MATI HELST EINKENNANDI FYRIR BORGARFJÖRÐ? N=368 .....	17
MYND 13	HVAÐA ATBURÐ TENGIR ÞÚ HELST VIÐ BORGARFJÖRÐ? N=226 .....	18
MYND 14	HVAÐA STAÐ TENGIR ÞÚ AÐALLEGA VIÐ BORGARFJÖRÐ? N=357 .....	18
MYND 15	EITTHVAÐ NEIKVÆTT VIÐ BORGARFJÖRÐ? N=161 .....	19
MYND 16	HVAÐ DETTUR ÞÉR ALLRA FYRST Í HUG ÞEGAR SNÆFELLSNES ER NEFNT? N=407 .....	20
MYND 17	HVAÐ ER AÐ ÞÍNU MATI HELST EINKENNANDI FYRIR SNÆFELLSNES? N=374 .....	21
MYND 18	HVAÐA ATBURÐ TENGIR ÞÚ HELST VIÐ SNÆFELLSNES? .....	21
MYND 19	HVAÐA STAÐ TENGIR ÞÚ AÐALLEGA VIÐ SNÆFELLSNES? N=364 .....	22
MYND 20	EITTHVAÐ NEIKVÆTT VIÐ SNÆFELLSNES? N=155 .....	23
MYND 21	HVAÐ DETTUR ÞÉR ALLRA FYRST Í HUG ÞEGAR DALIR ERU NEFNDIR? N=331 .....	24
MYND 22	HVAÐ ER AÐ ÞÍNU MATI HELST EINKENNANDI FYRIR DALI? N=250 .....	25
MYND 23	HVAÐA ATBURÐ TENGIR ÞÚ HELST VIÐ DALI? N=151 .....	26
MYND 24	HVAÐA STAÐ TENGIR ÞÚ AÐALLEGA VIÐ DALI? N=294 .....	26
MYND 25	EITTHVAÐ NEIKVÆTT VIÐ DALI? N=151 .....	27
MYND 26	KEMUR TIL ÁLITA AÐ BÚA ANNARS STAÐAR GREINT EFTIR SVÆÐUM .....	31
MYND 27	KOMIÐ TIL ÁLITA AÐ BÚA Á AKRANESI OG Í NÁGRENNI, GREINT EFTIR BÚSETU .....	32
MYND 28	KOMIÐ TIL ÁLITA AÐ BÚA Í BORGARFIRÐI, GREINT EFTIR ALDRI .....	32
MYND 29	KOMIÐ TIL ÁLITA AÐ BÚA Í BORGARFIRÐI, GREINT EFTIR BÚSETU .....	33
MYND 30	KOMIÐ TIL ÁLITA AÐ BÚA Í BORGARFIRÐI, GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ SVARENDAR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EÐA EKKI .....	34
MYND 31	KOMIÐ TIL ÁLITA AÐ BÚA Á SNÆFELLSNESI GREINT EFTIR BÚSETU .....	34
MYND 32	KOMIÐ TIL ÁLITA AÐ BÚA Í DÖLUM GREINT EFTIR BÚSETU .....	35

MYND 33	MIKILVÆGI ÞESS AÐ ÞAÐ SÉ GOTT UMHERFI TIL AÐ ALA UPP BÖRN GREINT EFTIR KYNI .....	41
MYND 34	MIKILVÆGI ÞESS AÐ ÞAÐ SÉ GOTT UMHERFI TIL AÐ ALA UPP BÖRN GREINT EFTIR ALDRI .....	42
MYND 35	MIKILVÆGI ÞESS AÐ GÓÐIR GRUNNSKÓLAR SÉU Á SVÆÐINU GREINT EFTIR ALDRI .....	43
MYND 36	MIKILVÆGI ÞESS AÐ GÓÐUR GRUNNSKÓLI SÉ Á SVÆÐINU GREINT EFTIR BÚSETU .....	44
MYND 37	MIKILVÆGI ÞESS AÐ FRAMHALDSSKÓLI SÉ Á SVÆÐINU GREINT EFTIR ALDRI .....	45
MYND 38	MIKILVÆGI ÞESS AÐ FRAMHALDSSKÓLI SÉ Á SVÆÐINU GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ SVARENDUR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EDA EKKI .....	45
MYND 39	MIKILVÆGI ÞESS AÐ HÁSKÓLI SÉ Á SVÆÐINU GREINT EFTIR KYNI .....	46
MYND 40	MIKILVÆGI ÞESS AÐ HÁSKÓLI SÉ Á SVÆÐINU GREINT EFTIR ALDRI .....	47
MYND 41	MIKILVÆGI LÆGRA HÚSNÆÐISVERÐS GREINT EFTIR KYNI .....	47
MYND 42	MIKILVÆGI GÓÐS FJARSKIPTAKERFIS GREINT EFTIR BÚSETU .....	48
MYND 43	MIKILVÆGI NÁLÆGÐAR VIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ GREINT EFTIR ALDRI .....	49
MYND 44	MIKILVÆGI NÁLÆGÐAR VIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ GREINT EFTIR BÚSETU .....	50
MYND 45	MIKILVÆGI FRAMBOÐS MENNINGAR GREINT EFTIR KYNI .....	51
MYND 46	MIKILVÆGI FRAMBOÐS MENNINGAR GREINT EFTIR ALDRI .....	52
MYND 47	MIKILVÆGI GÓÐRA LEIKSKÓLA GREINT EFTIR KYNI .....	52
MYND 48	MIKILVÆGI GÓÐRA LEIKSKÓLA GREINT EFTIR ALDRI .....	53
MYND 49	MIKILVÆGI FRAMBOÐS Á LEIGUHÚSNÆÐI GREINT EFTIR ALDRI .....	54
MYND 50	MIKILVÆGI FRAMBOÐS Á LEIGUHÚSNÆÐI GREINT EFTIR BÚSETU .....	55
MYND 51	MIKILVÆGI FRAMBOÐS Á LEIGUHÚSNÆÐI GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ SVARENDUR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EDA EKKI .....	55
MYND 52	MIKILVÆGI FRAMBOÐS Á ÍBRÓTTUM OG AÐPREYINGU GREINT EFTIR ALDRI .....	56
MYND 53	MIKILVÆGI FRAMBOÐS Á ÍBRÓTTUM OG AÐPREYINGU GREINT EFTIR BÚSETU .....	57
MYND 54	MIKILVÆGI ÞESS AÐ LOSNA VIÐ MIKLA BÍLAUMFERÐ GREINT EFTIR KYNI .....	58
MYND 55	MIKILVÆGI ÞESS AÐ LOSNA VIÐ MIKLA BÍLAUMFERÐ GREINT EFTIR ALDRI .....	58
MYND 56	MIKILVÆGI ÞESS AÐ LOSNA VIÐ MIKLA BÍLAUMFERÐ GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ SVARENDUR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EDA EKKI .....	59
MYND 57	MIKILVÆGI ÞESS AÐ BÚA ÞAR SEM GLÆPIR ERU FÁTÍÐIR GREINT EFTIR BÚSETU .....	60
MYND 58	MIKILVÆGI ÞESS AÐ BÚA EKKI OF ÞÉTT GREINT EFTIR KYNI .....	60
MYND 59	MIKILVÆGI ÞESS AÐ BÚA EKKI OF ÞÉTT GREINT EFTIR ALDRI .....	61
MYND 60	MIKILVÆGI ÞESS AÐ BÚA EKKI OF ÞÉTT GREINT EFTIR BÚSETU .....	62
MYND 61	MIKIÐ AF NÁTTÚRUPERLUM Á AKRANESI OG NÁGRENNI, GREINT EFTIR KYNI .....	65
MYND 62	MIKIÐ AF NÁTTÚRUPERLUM Á AKRANESI OG NÁGRENNI, GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ SVARENDUR HAFIR BÚIÐ Á VESTURLANDI EDA EKKI .....	65
MYND 63	TENGIST AKRANES OG NÁGRENNI MENNINGU AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ALDRI .....	66
MYND 64	TENGIST AKRANES OG NÁGRENNI MENNINGU AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR BÚSETU .....	67
MYND 65	ERU AÐPREYINGAMÖGULEIKAR MIKLIR Á FERÐALÖGUM Á AKRANESI OG NÁGRENNI GREINT EFTIR ALDRI .....	67
MYND 66	TELUR FÓLK AÐ Á AKRANESI OG NÁGRENNI SÉ OFT GOTT VEÐUR GREINT EFTIR KYNI .....	68
MYND 67	TELUR FÓLK AÐ Á AKRANESI OG NÁGRENNI SÉ OFT GOTT VEÐUR GREINT EFTIR ALDRI .....	69
MYND 68	TELUR FÓLK AÐ Á AKRANESI OG NÁGRENNI SÉ OFT GOTT VEÐUR GREINT EFTIR BÚSETU .....	69
MYND 69	TELUR FÓLK AÐ Á AKRANESI OG NÁGRENNI SÉU MARGIR ÁHUGAVERÐIR SÖGUSTAÐIR GREINT EFTIR KYNI .....	70
MYND 70	TELUR FÓLK AÐ Á AKRANESI OG NÁGRENNI SÉU MARGIR ÁHUGAVERÐIR SÖGUSTAÐIR GREINT EFTIR ALDRI .....	71
MYND 71	TELUR FÓLK AÐ Á AKRANESI OG NÁGRENNI SÉU MARGIR ÁHUGAVERÐIR SÖGUSTAÐIR GREINT EFTIR BÚSETU .....	71
MYND 72	TELUR FÓLK AÐ Á AKRANESI OG NÁGRENNI SÉ GOTT ÚRVAL AF VEITINGASTÖÐUM GREINT EFTIR BÚSETU .....	72
MYND 73	ÉR MIKIÐ AF NÁTTÚRUPERLUM Í BORGARFIRÐI GREINT EFTIR ALDRI .....	74
MYND 74	TENGIST BORGARFJÖRÐUR MENNINGU GREINT EFTIR ALDRI .....	74
MYND 75	TENGIST BORGARFJÖRÐUR MENNINGU GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ SVARENDUR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EDA EKKI .....	75

MYND 76	ERU AFÞREYINGARMÖGULEIKAR Á FERÐALÖGUM Í BORGARFIRÐI MIKLIR AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ALDRI .....	76
MYND 77	ER OFT GOTT VEÐUR Í BORGARFIRÐI AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ALDRI .....	76
MYND 78	ERU MARGIR ÁHUGAVERÐIR SÖGUSTAÐIR Í BORGARFIRÐI GREINT EFTIR ALDRI .....	77
MYND 79	ERU MARGIR ÁHUGAVERÐIR SÖGUSTAÐIR Í BORGARFIRÐI GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT AÐ SVARENDUR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EÐA EKKI .....	78
MYND 80	ER GOTT ÚRVAL AF VEITINGASTÖÐUM Í BORGARFIRÐI GREINT EFTIR ALDRI .....	78
MYND 81	ER OFT GOTT VEÐUR Á SNÆFELLSNESI AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR KYNI .....	80
MYND 82	ER GOTT ÚRVAL AF VEITINGASTÖÐUM Á SNÆFELLSNESI AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ALDRI	80
MYND 83	ER MIKIÐ AF NÁTTÚRUPERLUM Í DÖLUNUM AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ALDRI .....	82
MYND 84	TENGJAST DALIRNIR MENNINGU AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ALDRI .....	82
MYND 85	TENGJAST DALIRNIR MENNINGU AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT ÞEIR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EÐA EKKI .....	83
MYND 86	ERU MARGIR ÁHUGAVERÐIR SÖGUSTAÐIR Í DÖLUNUM AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR BÚSETU	84
MYND 87	ERU MARGIR ÁHUGAVERÐIR SÖGUSTAÐIR Í DÖLUNUM AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ÞVÍ HVORT ÞEIR HAFI BÚIÐ Á VESTURLANDI EÐA EKKI .....	84
MYND 88	ER GOTT ÚRVAL AF VEITINGASTÖÐUM Í DÖLUNUM AÐ MATI SVARENDA GREINT EFTIR ALDRI .....	85
MYND 89	SAMANBURÐUR EFTIR SVÆÐUM Á ÞEIM SEM SEGJA FERÐATENGDA ÞÆTTI EIGA MJÖG EÐA FREKAR VEL VIÐ .....	86

## 1. Inngangur

Telja má með réttu að við markaðssetningu landssvæða, héraða eða sveitarfélaga sé mikilvægt að hafa upplýsingar um hver ímynd þeirra sé í augum viðeigandi markhópa. Slíkt hjálpar til við að greina hvaða augum utanaðkomandi líta svæðið, hvað þeim finnst spennandi ekki síst hvað þeim kann að finnast miður spennandi. Slíkt hjálpar til við að svara og aðlaga sig að kröfum "markaðarins". Hér gildir einu hvort verið er að ræða um markaðssetningu sem miðast við ferðamenn eða markaðssetningu sem miðar að því að laða að fólk til búsetu á svæðinu. Þetta ásamt því hvað fólk kann að þykja eftirsóknarverð og mikilvæg búsetuskilyrði myndar einnig að hluta til grundvöll þess hvort fýsilegt kann að vera fyrir fyrirtæki eða stofnanir að setja sig niður á viðkomandi svæði. Lítið sem ekkert hefur verið gert af því að skoða ímynd einstakra svæða eða sveitarfélaga á Íslandi. Erlendar rannsóknir sem beinast að héruðum eru einnig af skornum skammti.

Á síðastliðnu sumri fólu Samtök Sveitarfélaga á Vesturlandi (SSV), Rannsóknamiðstöð Háskólans á Bifröst (RHB), að framkvæma rannsókn sem hefði það að meginviðfangsefni að meta ímynd Vesturlands sem búsetuvalkosta og valkosta í ferðamennsku. Í skýrslunni er augum beint sérstaklega að greiningu eftir svæðum á Vesturlandi. Ímynd Vesturlands og svæða innan þess er dregin fram og settar fram tillögur sem orðið gætu til þess að breyta eða bæta ímyndina þar sem við á í ljósi niðurstaðna rannsóknarinnar.

Skýrslan er unnin af starfsmönnum Rannsóknamiðstöðvar Háskólans á Bifröst. Höfundar eru dr. Grétar Þór Eypórsson forstöðumaður, Eva Heiða Önnudóttir MSc. stjórn málafræðingur, Kolfinna Jóhannesdóttir viðskiptafræðingur. Hólmfríður Sveinsdóttir M.A. vann einnig við framkvæmd könnunarinnar og úrvinnslu gagna, en hvarf til annarra starfa áður en vinnu var lokið.

## 2. Framkvæmd og úrvinnsla

Könnunin var gerð meðal úrtaks íbúa á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra á aldrinum 20 – 70 ára. Um var að ræða póstkönnun sem var framkvæmd á tímabilinu 14. september til 30. nóvember 2006. Tekið var tilviljanaúrtak úr þjóðskrá meðal 1500 íbúa á höfuðborgarsvæðinu, 250 íbúa á Vestfjörðum og 250 á Norðurlandi vestra. Fyrst var eintak af spurningalistanum sent út, loks áminningarbréf, þá nýtt eintak af listanum ásamt áminningarbréfi.

Alls var könnunin því send upphaflega til 2000 einstaklinga. Ekki fundust heimilisföng hjá 51 og endanlegt úrtak því 1949. Alls bárust svör frá 462, 342 af höfuðborgarsvæðinu, 65 frá Vestfjörðum og 55 frá Norðurlandi vestra. Heildarsvarhlutfall var 23,7%. Svarhlutfall á höfuðborgarsvæði var 23,5%, á Norðurlandi vestra 22,4% og á Vestfjörðum 26,1%.

Auk könnunarinnar voru framkvæmdir tveir rýnihópafundir með fólk á höfuðborgarsvæðinu, dagana 22. og 24. nóvember.

### 3. Hvað tengir fólk helst við Vesturland og svæði innan þess?

Fyrstu fimm spurningarnar í könnuninni voru opnar, þ.e. engir valmöguleikar voru gefnir heldur svaraði hver og einn því sem honum/henni datt fyrst í hug. Hver spurning var í fimm liðum, þ.e. fyrst var spurt um Vesturland sem heild og svo var landshlutanum skipt upp í fjögur afmörkuð svæði; Akranes og nágrenni, Borgarfjörð, Snæfellsnes og Dali. Í köflum 3 – 7 er farið í niðurstöður úr þessum spurningum greint eftir kyni, aldri, búsetu og þess hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki, bæði á heildarniðurstöðum og innan hvers landssvæðis fyrir sig; Akranesi og nágrenni, Borgarfirði, Snæfellsnesi og Döllum, eftir því sem við á.

Rétt er að taka hér fram að við skiptingu Vesturlands í svæði er stuðst við viðtekna svæðaskiptingu sem m.a. var notuð í bók Vífils Karlsson Samgöngubætur og búseta og í skýrslu Rannsóknastofnunar Háskólans á Akureyri sem fjallaði um niðurstöðu könnunnar meðal Vestlendinga á því hver samfélagsáhrif Hvalfjarðaganga hafi orðið.

Flestir þátttakendur tiltóku eitt atriði en nokkrir nefndu fleiri atriði sem svar við sumum spurningunum. Öll svörin voru flokkuð en hér er þó fyrst og fremst litið til þeirra atriða sem gefin voru sem fyrsta svar. Spurningarnar voru eftirfarandi:

- Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar ... er nefnt?
- Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir...?
- Hvaða atburð tengir þú helst við...?
- Hvaða stað tengir þú aðallega við...?
- Ef þú ættir að benda á eitthvað neikvætt um ... hvað kemur helst upp í huga þinn?


Í tíðnitöflum fyrir opnu spurningarnar er miðað við að ekki séu færri en fjórir svarendur í hverjum flokki. Í texta við hverja mynd er sett fram hversu margir svöruðu spurningunni þar sem N merkir fjöldi svarenda.

## Vesturland sem heild

### Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Vesturland er nefnt?

Á mynd 1 má sjá að flestir nefndu *Borgarfjörð* og *Snæfellsnes* þegar þeir voru spurðir hvað þeim dytti fyrst í hug þegar Vesturland væri nefnt. Alls nefndu 13,7% þátttakenda *Borgarfjörð eða tiltekna staði þar* auk þess sem 11,1% nefndu *Borgarnes*. Rúm 13% nefndu *Snæfellsnes*, auk þess voru fleiri staðir á Nesinu nefndir, eins og *Snæfellsjökull* (4,1%), *Stykkishólmur* (3,1%) og *Breiðafjarðareyjar* (2,3%). Rúmlega 10% nefndu *náttúru og náttúrufegurð*, en undir þann flokk fellur það sem sagt var almennt um náttúruna en ekki tilteknir staðir.

Það er athyglisvert að 7,2% svarenda nefndu *staði á Vestfjörðum*, þar af nefndu nær helmingur Ísafjörð sem það fyrsta sem þeim datt í hug þegar Vesturland væri nefnt. *Samgöngur* eru einnig nokkrum ofarlega í huga, þar sem 5,7% nefndu þær. Þar af taldi nær þriðjungur að samgöngur væru slæmar.



### Mynd 1 Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Vesturland er nefnt? N=387

Samkvæmt þessum niðurstöðum eru Borgarfjörður og Snæfellsnes ofar í huga fólks en Akranes og nágrenni og Dalirnir. Af þéttbýlisstöðum nefndu flestir Borgarnes eða 11,1% samanborið við 4,4% sem nefndu Akranes, 3,1% Stykkishólm og 2,1% Dalina.


### Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Vesturland?

Í hugum flestra var *náttúrufegurð* helst einkennandi fyrir Vesturland þar sem tæpur fjórðungur nefndi það sem helsta einkenni landsvæðisins (sjá mynd 2). Önnur atriði nátengd fyrsta flokknum



(náttúruvegur) sem voru nefnd voru *gróður/kjarr/skógur* (6,3%), *Snæfellsjökull* (5,1%) og *fjöll* (4,8%). Samtals nefndu rúmlega 40% svarenda náttúruvegur eða önnur atriði tengd því.

Auk þess nefndu tæp 8% svarenda atriði sem falla undir flokkinn *sveit/bændur/dreifbýli* sem helsta einkenni Vesturlands.



## Mynd 2 Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Vesturland? N=331


### Hvaða atburð tengir þú helst við Vesturland?

Þegar svarendur voru spurðir hvaða atburð þeir tengdu helst við Vesturland, nefndu flestir *sögulegt efni* (20,5%) eins og sjá má á mynd 3. Tvennt vekur athygli hér. Annars vegar hve margir (9,2%) tengdu *snjóflóð* við Vesturland, en það má að líkindum rekja til þess að atburðum á Vesturlandi sé ruglað saman við atburði á Vestfjörðum. Hins vegar fjöldi þeirra sem nefndu strand skipsins *Pourquoi pas?* og *sinubrunann á Mýrunum* (alls 15,4%) en báðir þessir atburðir fengu töluverða umfjöllun í fjölmiðlum á árinu 2006.


### Hvaða stað tengir þú aðallega við Vesturland?

Greinilegt er að fólk tengir helst stærri þéttbýlisstaði við Vesturland og var *Borgarnes* þar langoftast nefnt, eða í 26,0% tilvika (sjá mynd 4). Skýringin á því gæti verið sú að í gegnum bæinn liggur ein stærsta umferðað landsins. Á eftir Borgarnesi nefndu flestir *staði á Vestfjörðum* eða 11,6% og þar af nefndu 7,6% Ísafjörð. Tæp 9% nefndu *Stykkishólm* og 7% nefndu *Snæfellsnes* og *Akranes*.

Þá vekur það athygli að í langflestum tilfellum nefndi fólk staði í Borgarfirði eða á Snæfellsnesi. Akranes, Hvalfjörðurinn og Dalirnir virtust mun síður koma upp í huga svarenda.




**Mynd 3. Hvaða atburð tengir þú helst við Vesturland? N=195**



**Mynd 4. Hvaða stað tengir þú aðallega við Vesturland? N=327**

### Eitthvað neikvætt við Vesturland?

Mynd 5 sýnir að langflestir af þeim sem nefndu eitthvað neikvætt við Vesturland, nefndu *slæma vegi / vegakerfi ábótavant* (38,2%), þar á eftir komu *veðurfar* (13,1%) og *umferð / umferðarpungi* (7,3%) sem neikvæðir þættir.




**Mynd 5 Eitthvað neikvætt við Vesturland? N=191**

## Akranes og nágrenni

### Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Akranes og nágrenni er nefnt?

Þegar spurt var um hvað svarendum dytti helst í hug þegar Akranes og nágrenni væri nefnt, nefndu flestir *Knattspyrnu / ÍA* (23,2%) og næstflestir *Sementverksmiðjuna* (15,1%). Þá nefndu 12,8% *Hvalfjarðargöngin* og 7,9% *Grundartangastóriðju* (sjá mynd 6). Fleiri þættir voru nefndir eins og *Akrafjall* (5,4%) og *Akraborgin* (4,8%) en aðrir þættir sjaldnar.




**Mynd 6** Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Akranes og nágrenni er nefnt?  
**N=392**

Samkvæmt þessum niðurstöðum er knattspyrna ofarlega í huga fólks þegar Akranes var nefnt. Ennfremur vekur athygli hversu oft þættir tengdir atvinnulífinu voru nefndir. Þegar teknir voru saman svarendur sem nefna Sementverksmiðjuna, Grundartangastóriðju og sjávarútveg þá voru það 26,6% svarenda.

### Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Akranes og nágrenni?

Á mynd 7 má sjá að flestir svarendur (23,6%) töldu *fótbolta / ÍA* helst einkennandi fyrir Akranes og nágrenni. Alls nefndu 14,3% *Sementverksmiðjuna*, 9,0% *stóriðju / Grundartanga* og 9,0% *Akrafjall*.




### Mynd 7 Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Akranes og nágrenni? N=343

Samkvæmt þessu töldu flestir fótbolta / ÍA, einkennandi fyrir Akranes og nágrenni. Ef teknir eru saman þeir sem nefndu Sementverksmiðjuna, stóriðju Grundartanga og útgerð / fiskvinnslu, þá voru það 29,1% svarenda sem töldu þætti tengda atvinnulífinu helst einkennandi fyrir Akranes og nágrenni. Þeir þættir sem voru helst taldir einkennandi fyrir svæðið eru mjög áþekkir þeim þáttum sem svarendum kom einkum fyrst í hug þegar svæðið var nefnt fyrir utan að þá var oftast minnst á Hvalfjarðargöngin (12,8%).

### Hvaða atburð tengir þú helst við Akranes og nágrenni?

*Fótbolti / ÍA / leikir eða mót* er áfram ofarlega í hugum svarenda (33,3%) þegar spurt var um hvaða atburði þeir tengdu helst við Akranes og nágrenni (sjá mynd 8). Næstflestir nefndu *gerð og opnun Hvalfjarðarganga* (16,7%), *Írska daga* nefndu 11,1% en aðrir þættir voru nefndir sjaldnar, eins og t.d. *Sementverksmiðjuna* nefndu 6% og *Akraborgina* 5,1%.

Það sem vekur fyrst og fremst athygli er að þriðjungur svarenda var sama sinnis þar sem það voru atburðir tengdir fótbolta sem fyrst og fremst komu upp í huga fólks þegar Akranes og nágrenni var nefnt. Ennfremur vekur athygli hversu Hvalfjarðargöngin eru ofarlega í huga svarenda þegar spurt var um Akranes og nágrenni.



**Mynd 8 Hvaða atburð tengir þú helst við Akranes og nágrenni? N=234**


### Hvaða stað tengir þú aðallega við Akranes og nágrenni?

Flestir nefndu *Akranes* (20,3%) þegar spurt var um hvaða stað þátttakendur tengdu aðallega við Akranes og nágrenni (sjá mynd 9). Næstflestir sögðu *Hvalfjarðargöngin* (16,7%), *Akrafjall* nefndu 14,1% og 10,3% *Grundartangastóriðju*. *Langasand* 6,8% og *Byggðasafnið á Akranesi* 5,1% og *Sementverksmiðjuna* 4,8%.


Það vekur athygli að samkvæmt þessu voru Hvalfjarðargöngin svarendum helst í huga á eftir Akranesi og vekur það athygli þar sem um er að ræða samgöngur sem tengja Akranes og nágrenni við annað svæði. Hvalfjarðargöngin voru á sínum tíma að margra mati bylting í samgöngumálum Vesturlands og kann það að skýra hversu ofarlega þau voru svarendum í huga.

### Eitthvað neikvætt við Akranes og nágrenni?

Þátttakendur voru spurðir hvað kæmi helst upp í huga þeirra ef þeir væru beðnir um að benda á eitthvað neikvætt um svæðið Akranes og nágrenni. Á mynd 10 má sjá að *leiðinlegt veður* var oftast nefnt eða af 21,1% svarenda. Hér þarf að hafa í huga að vegir undir Hafnarfjalli og á Kjalarnesi eru þekktir fyrir erfið veðurskilyrði og kann það að vera ofarlega í huga fólks en um er að ræða fjölfarna vegkafla á Vesturlandsvegi. Litlu færri eða 19,6% nefndu *Grundartangastóriðju* sem neikvæðan þátt. Aðrir neikvæðir þættir sem svarendur nefndu, voru að staðurinn væri *óspennandi / ekkert við að vera* (11,1%), *útlit og skipulag Akranesbæjar* (8,5%) og *Sementverksmiðjan* (7,0%).



**Mynd 9 Hvaða stað tengir þú aðallega við Akranes og nágrenni? N=311**



**Mynd 10 Eitthvað neikvætt við Akranes og nágrenni? N=199**


Um þriðjungur svarenda nefndu þætti tengda atvinnustarfsemi á svæðinu sem neikvæða, þ.e. ef tekin eru saman Grundartangastóriðja, Sementverksmiðjan, fiski og bræðslufýla ásamt atvinnu- og hagþróun. Þessi niðurstaða er umhugsunarefni þar sem atvinnutengdir þættir virtust almennt ofarlega í huga svarenda þegar spurt var um Akranes og nágrenni. Að auki er það umhugsunarefni hversu margir sögðu svæðið vera óspennandi og að þar væri ekkert við að vera, þó ekki sé um hátt hlutfall að ræða.



## Borgarfjörður

### Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Borgarfjörður er nefndur?

Þegar spurt var um Borgarfjörð datt flestum í hug *Borgarnes* (13,6%), litlu færri eða 11,9% nefna *sumarbústaði* / *sumarbústaðasvæði* (sjá mynd 11). *Verslun* / *sjoppur* nefndu 8,9%, álíka margir *náttúrufegurð* (8,7%) og 8,4% staði í Norðurárdal þ.e. *Bifröst* / *Hreðavatn* / *Grábrók*. Heldur færri nefndu *söguna* (6,7%), *Reykholt* (6,2%) og *Húsafell* (6,0%).




### Mynd 11 Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Borgarfjörður er nefndur? N=403

Ekkert eitt virtist standa upp úr í huga fólks þegar Borgarfjörður var nefndur. Ef hinsvegar flokkum er slegið saman eins og Borgarnesi og verslun / sjoppur þá eru það 22,5% svarenda sem nefndu þá flokka en Borgarnes er áningastaður margra vegfarenda sem eiga leið um landið. Sama má segja um náttúrufegurð og flokkinn gróður / kjarr / skógur, þetta eru nátengd hugtök og greinilegt að náttúran skipar nokkurn sess í huga svarenda þegar spurt var um Borgarfjörð.

### Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Borgarfjörð?

Á mynd 12 má sjá að *náttúrufegurð* var það sem helst einkennir Borgarfjörð að mati þátttakenda en 18,5% nefndu þann flokk. Hér er rétt að hafa í huga að þættir eins og gróður og hraun eru hluti af náttúrunni og þannig má segja að 26,9% svarenda töldu náttúruna og feegurð hennar helst einkennandi fyrir Borgarfjörð. Tæp 14% sögðu *sumarbústaði*, 7,1% *sveit* / *bændur* / *dreifbýli*, *verslun* / *sjoppur* 6,5% og 6,3% *Bifröst* / *menntun*.



## Mynd 12 Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Borgarfjörð? N=368

Samkvæmt þessu er það náttúran sem einkennir Borgarfjörð helst. Margir nefndu sumarhús, en rétt er að hafa í huga að eitt af markmiðum sumarbústaðaeigenda er gjarnan að njóta þess sem náttúran og dreifbýlið býður upp á þannig að óbeint studdu þeir 13,9% sem sögðu sumarhús við þá sem töldu náttúrufegurð helst einkenna Borgarfjörðinn.

### Hvaða atburð tengir þú helst við Borgarfjörð?


Sagan var fólki ofarlega í huga þegar spurt var um hvaða atburð það tengi helst við Borgarfjörð. Flestir sögðu *Snorra Sturluson* eða tæp 16% og 15% *Egil eða Eglu* (sjá mynd 13). Ef teknir eru saman þeir sem nefndu Snorra, Egil og annað úr Íslendingasögunum þá voru það 36,2% svarenda. *Ferðalög / ferðaþjónusta* var nefnd af 13,3% svarenda og 10,2% tengdu *Borgarfjarðarbrúna* helst við Borgarfjörð.

Samkvæmt þessu virtust svarendur upplifa Borgarfjörð að einhverju leiti sem söguslóðir þar sem sagan var þeim ofarlega í huga þegar spurt var um hvaða atburði þeir tengdu helst við Borgarfjörð.


### Hvaða stað tengir þú aðallega við Borgarfjörð?

Þegar spurt var um hvaða stað fólk tengi aðallega við Borgarfjörð þá sögðu flestir *Borgarnes* (30,3%) eins og sjá má á mynd 14. Ein af hugsanlegum skýringum er hversu margir koma þar við eða eiga leið um þennan stað sem er í alfaraleið. Ef þeim sem tengdu *verslun / sjoppur / áning* við Borgarfjörð er bætt við þá sem nefndu Borgarnes þá eru það samtals 35,6% svarenda. *Reykholt* var sá staður sem næst oftast var nefndur (16,2%), *Bifröst* nefndu 11,5%, *Norðurá og*

nágreppi 7,6% og ef þeim sem sögðu *Munaðarnes og Bauluna* er bætt við þá voru það yfir 22,4% sem tengdu aðallega svæðið í kringum Norðurá og Bifröst við Borgarfjörð.



**Mynd 13 Hvaða atburð tengir þú helst við Borgarfjörð? N=226**




**Mynd 14 Hvaða stað tengir þú aðallega við Borgarfjörð? N=357**

Af einstökum stöðum, fyrir utan Borgarnes sem er stærsti þéttbýliskjarninn, var Reykholt ofarlega í huga svarenda í samanburði við aðra vinsæla viðkomustaði fólks sem nefndir voru. Það sem vekur þó athygli er að þeir staðir sem fólk tengdi aðallega við Borgarfjörð voru í raun mjög dreifðir um héraðið, bæði sunnan og norðan Hvítar.

### Eitthvað neikvætt við Borgarfjörð?

Fólk var spurt hvað kæmi helst upp í hugann ef það ætti að benda á eitthvað neikvætt um Borgarfjörðinn. Samkvæmt mynd 15 er greinilegt að samgöngur voru fólki ofarlega í huga en 35,4% nefndu *slæma vegi*. Einnig bentu 14,9% á *þjónustu við ferðamenn* sem neikvæðan þátt, 11,2% bentu á *umferðaröryggi / mikla umferð* og 9,3% á *veðurfar*. Athygli vekur að 7,5% sögðu *atvinnumál / hagþróun* vera neikvæðan þátt og enn fremur að jafn hátt hlutfall eða 7,5% *ásýnd staða og mannvirkja*.




**Mynd 15 Eitthvað neikvætt við Borgarfjörð? N=161**

## Snæfellsnes

### Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Snæfellsnes er nefnt?

Flestum datt *Snæfellsjökull* í hug þegar Snæfellsnes var nefnt eða 46,2% svarenda (sjá mynd 16). Þá nefndu 10,8% *náttúrufegurð* en hafa ber í huga að Snæfellsjökull er örnefni úr náttúrunni, hluti af þjóðgarði og þessir þættir því nátengdir. Af öðru leyti virtist helst sem ákveðnir staðir væru ofarlega í huga fólks, *Stykkishólmur* nefndu 8,6% og *Búðir* 5,9%. Jafnframt voru staðirnir *Ólafsvík*, *Arnarstapa* og *Hellnar* nefndir.




**Mynd 16** Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Snæfellsnes er nefnt? N=407


Samkvæmt þessu er Snæfellsjökull með nokkuð afgerandi hætti það sem fólki datt fyrst í hug þegar Snæfellsnes var nefnt. Það kemur kannski ekki á óvart þar sem jökullinn þykir mjög fallegur ásamt því sem hann sést víða að. Um Snæfellsjökull eru til margar kynngimagnaðar sögur sem hafa áhrif á aðdráttarafli hans og kynningu út á við.

### Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Snæfellsnes?

Að mati svarenda var *Snæfellsjökull* (46,3%) og *náttúrufegurð* (27,3%) það sem einkenndi helst Snæfellsnes (sjá mynd 17). Samtals nefndu 73,6% þessa tvo þætti og er afstaðan afgerandi. Það er nánast sama hlutfall svarenda sem taldi Snæfellsjökul helst einkenna Snæfellsnes og það hlutfall sem datt Snæfellsjökull fyrst í hug þegar svæðið var nefnt.



**Mynd 17 Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Snæfellsnes? N=374**



**Mynd 18 Hvaða atburð tengir þú helst við Snæfellsnes?**


### Hvaða atburð tengir þú helst við Snæfellsnes?

Á mynd 18 má sjá að þegar spurt var um hvaða atburð fólk tengdi helst við Snæfellsnes þá sögðu 16% svarenda *Danska daga*. Álíka hátt hlutfall eða 15,6% tengdu *ferðamennsku / ferðalög* við svæðið. *Sögur og sagnir* nefndu 12,4%. Þegar teknir eru saman þeir sem sögðu *Snæfellsjökul og tengt honum* (10,7%) og *geimverur á jöklinum* (10,7%) þá voru það 21,4% svarenda þannig að jökullinn var fólki ofarlega í huga.

Tvennt vekur sérstaka athygli en það er að samtals sögðu 12% *sjóslys* og *slysfarir / óhöpp* og ennfremur að bæjarhátíðir aðrar en *Danskir dagar* voru mun sjaldnar nefndar. *Danskir dagar* eru haldnir ár hvert í Stykkishólmi, Færeyskir dagar í Snæfellsbæ og fjölskylduhátíðin á góðri stund í Grundarfirði.

### Hvaða stað tengir þú aðallega við Snæfellsnes?

Þegar svarendur voru beðnir um að tengja ákveðinn stað við Snæfellsnes þá sögðu flestir *Stykkishólmur* (27,7%). *Snæfellsjökull* var áfram ofarlega í huga svarenda en 24,5% nefndu hann (sjá mynd 19). Mun lægra hlutfall sagði aðra staði, þó tengdu 11,8% *Arnarstapa* og 11,3% *Búðir*, við Snæfellsnes.




### Mynd 19 Hvaða stað tengir þú aðallega við Snæfellsnes? N=364

Stykkishólmur var sá staður sem svarendur tengdu oftast við Snæfellsnes en *Danskir dagar* voru jafnframt sá atburður sem svarendur tengdu helst við svæðið. Hafa ber í huga að ásamt Snæfellsjökli voru margir aðrir staðir nefndir sem eiga það sameiginlegt að vera staðsettir framur á nesinu og í nágrenni við hvorn annan.

### Eitthvað neikvætt við Snæfellsnes?

Helst var bent á *slæma vegi* 26,5% og *veðurfar* (24,5%) sem neikvæða þætti á Snæfellsnesi (sjá mynd 20). Tæplega 15% nefndu *þjónustu við ferðamenn og aðstaða*, 9% *atvinnumál / hagþróun*.



**Mynd 20 Eitthvað neikvætt við Snæfellsnes? N=155**


Samkvæmt þessu eru það slæmir vegir sem svarendum var efst í huga og þegar flokknum umferðaröryggi og önnur samgöngumál er bætt við, kemur í ljós að 33% svarenda nefndu eitthvað neikvætt í tengslum við samgöngumál. Að auki sögðu 6,5% að svæðið væri úr leið eða langt þangað að fara.



## Dalir

### Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Dalir eru nefndir?

Búðardalur var svarendum oftast efst í huga þegar Dalir voru nefndir eða hjá 32,0% svarenda. Tæpum 9% datt náttúran / náttúrufegurð í hug, 7,9% eitthvað sem tengdist veiði, hestum eða útivist og 7,6% tengdu Dalina hugtökum eins og sveit / bændur / dreifbýli (sjá mynd 21). Þegar teknir eru saman þeir sem nefndu söguna (6,9%), Eiríksstaði (4,2%), Lauga (3,3%) og Auði djúpúðgu (3,0%) þá voru það alls 17,4% sem datt fyrst í hug eitthvað tengt Íslendingasögunum. Að auki voru nefnd ýmis bæjarnöfn þar sem ekki var alltaf ljóst hvort að svarendur væru að vísa til tengingar við söguna eða ekki.




**Mynd 21** Hvað dettur þér allra fyrst í hug þegar Dalir eru nefndir? N=331

Tæp 4% nefndu *mjólkurbú / mjólkurvörur*. Það sem er sérstakt er að hér var að öllum líkindum verið að vísa til ákveðins fyrirtækis MS í Búðardal sem hefur fengið fjölmargar viðurkenningar fyrir vöruþróun og framleiðir auk þess marga af þekktustu ostum landsins.

### Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Dali?

Greinilegt er að *sveitin / bændur / dreifbýli* voru svarendum ofarlega í huga þegar spurt var um helstu einkenni Dalanna en 31,2% nefndu þann flokk (sjá mynd 22). Þessu næst komu 14,0% sem töldu *náttúruna / náttúrufegurð* helsta einkennið og ef taldir eru með þeir sem nefndu *gróður / kjarr / skógur* þá voru 21,2% sem töldu náttúruna helsta einkenni Dalanna. Rúm 11% nefndu *söguna* og 10% *Búðardal*. Samkvæmt þessu voru það sveitin og náttúran sem einkenndu Dalina helst.




Mynd 22 Hvað er að þínu mati helst einkennandi fyrir Dali? N=250


### Hvaða atburð tengir þú helst við Dali?

Þegar spurt var um hvaða atburð fólk tengdi helst við Dali, þá var *Eiríksstaðahátíð* oftast nefnd eða af 25,8% svarenda. 21,9% tengdu atburði úr *Laxdælu* við Dali, 9,9% *ferðalög / útivist* og 9,3% *Auði djúpúðgu* (sjá mynd 23).

Samkvæmt þessu tengdu svarendur einkum atburði úr sögu Íslendinga, við Dalina. Athygli vekur að 9,3% nefndu einstaka persónu eða Auði djúpúðgu, en hún var helsti landnámsmaður Dalanna. Ef þeim sem nefna veiði eða veiðiferðir er bætt við þá sem sögðu ferðalög af öðrum toga eða útivist þá er um að ræða 17,2% svarenda sem tengdu slíka atburði Dölnum.



**Mynd 23 Hvaða atburð tengir þú helst við Dali? N=151**




**Mynd 24 Hvaða stað tengir þú aðallega við Dali? N=294**

### Hvaða stað tengir þú aðallega við Dali?

Greinilegt er að *Búðardalur* var sá staður sem svarendur tengdu aðallega við Dali þar sem 61,9% svarenda nefndu Búðardal en aðrir staðir voru mun sjaldnar nefndir (sjá mynd 24). Af þeim má þó nefna helst *Eiríksstaði*, *Lauga*, *Laxárdal*, *Hvamm* og *Saurbæ*. Búðardalur er þéttbýliskjarni Dalanna og í þessu tilfalli var hann svarendum miklu ofar í huga heldur en margir af þeim sögufrægu stöðum sem nefndir hafa verið hér að framan.

### Eitthvað neikvætt við Dali?

Svarendur (30,5%) bentu oftast á *samgöngumál / vegamál* þegar þeir voru spurðir hvað komi upp í huga þeirra ef þeir ættu að benda á eitthvað neikvætt. Tæp 16% sögðu *atvinnumál / hagmál*, 11,9% að svæðið sé *óaðlaðandi / dauflegt*, 9,9% *þjónusta við ferðamenn* og 9,3% töldu *svæðið vanta kynningu / óþekkt hérað* (sjá mynd 25).



Mynd 25 Eitthvað neikvætt við Dali? N=151

Umhugsunarefni er að 9,3% bentu á það sem neikvæðan þátt hversu óþekkt svæðið er eða að það vanti kynningu og ennfremur að 3,3% svæðið væri úr leið eða afskekkt. Ennfremur vekur athygli hversu hátt hlutfall nefndi samgöngumál en stutt er síðan farið var í verulegar endurbætur á veg yfir Dalafjall.

## Samantekt

### **Vesturland sem heild**

Þegar svarendur voru spurðir hvað þeim dytti allra fyrst í hug þegar Vesturland væri nefnt kom Borgarfjörður og staðir þar, Snæfellsnes, Borgarnes og náttúra / náttúrfegurð oftast upp. Rétt er að hafa í huga að stærstu þéttbýliskjarnar voru flokkaðir sér og suma þætti er erfitt að tengja við ákveðin svæði en samandregið má segja að Snæfellsnes og Borgarfjörður ásamt stöðum á þeim svæðum voru svarendum ofar í huga en önnur svæði í þessu tilviki.

Þegar spurt var um hvað væri helst einkennandi fyrir Vesturland stóð eitt atriði upp úr. Í hugum flestra var náttúruvegurð helst einkennandi fyrir Vesturland en tæpur fjórðungur svarenda taldi svo vera. Margir nefndu sögulegt efni þegar spurt var um hvaða atburð þeir tengdu helst við Vesturland en aðrir atburðir eða þættir komu ekki fram með jafnskýrum hætti.

Sá staður sem kemur upp í huga flestra þegar Vesturland var nefnt var Borgarnes. Mun lægra hlutfall svarenda nefndi aðra staði, en helst nefndu þeir Stykkishólm, Akranes og Snæfellsnes en aðrir staðir voru nefndir mun sjaldnar. Hugsanleg skýring er að í gegnum Borgarnes er fjölfarin leið milli landshluta, til norðurs og vesturs, og þess vegna datt svarendum helst sá staður í hug.

Þegar spurt var um hvað kæmi helst upp í hugann ef benda ætti á eitthvað neikvætt við Vesturland kom fram að atriði tengd samgöngum vógu þyngst, þ.e. slæmir vegi og vegakerfi ábótavant og ef bætt er við þeim sem bentu á umferð, umferðaröryggi, vegalengdir og verð í Hvalfjarðargöngin þá eru 57% svarenda sem nefndu atriði tengd samgöngum sem neikvæða þætti. Aðrir þættir vógu mun minna í huga svarenda en næst á eftir slæmum vegum kom veðurfar en 13,1% svarenda nefndu þann þátt.

### **Akranes og nágrenni**

Þegar spurt var um hvað svarendum dytti helst í hug þegar Akranes væri nefnt kom knattspyrna og ÍA helst upp í huga þeirra. Aðrir þættir komu mun sjaldnar upp, en það var þá helst Sementverksmiðjan, Hvalfjarðargöngin og stóriðja á Grundartanga.

Svarendur töldu að fótbolta / ÍA væri helst einkennandi fyrir Akranes og nágrenni. Aðrir þættir sem voru nefndir voru Sementverksmiðjan, stóriðjan á Grundartanga og Akrafjall. Ef teknir eru saman þeir sem sögðu Sementverksmiðjuna, stóriðju og útgerð/ fiskvinnslu þá voru það tæpur þriðjungur svarenda sem töldu þætti tengda atvinnulífinu helst einkennandi fyrir svæðið.

Þegar spurt var um hvaða atburðir tengdust helst Akranesi og nágrenni nefndu langflestir atburði tengda fótbolta og fótboltamótum. Þar á eftir kom gerð og opnun Hvalfjarðarganga og Írskir daga. Aðrir atburðir voru mun sjaldnar nefndir. Akranes er sá staður sem kom upp í huga flestra svarenda þegar spurt var um Akranes og nágrenni. Aðrir staðir voru mun sjaldnar nefndir en það voru helst Hvalfjarðargöngin og Akrafjall.

Ef svarendur ættu að benda á eitthvað neikvætt um Akranes og nágrenni þá kom leiðinlegt veður og stóriðja á Grundartanga einkum upp í hugann. Aðrir þættir nefndir, voru að þar væri ekkert um að vera eða óspennandi staður. Það vekur athygli að þriðjungur svarenda nefndi þætti tengda atvinnustarfsemi á svæðinu sem neikvæða, þ.e. ef tekin eru saman stóriðja, Sementverksmiðjan, fiski og bræðslufýla ásamt atvinnu og hagþróun. Þessi niðurstaða er umhugsunarefni í ljósi þess hversu atvinnutengdir þættir virtust almennt ofarlega í huga svarenda þegar spurt var um Akranes og nágrenni.

### **Borgarfjörður**

Þegar spurt var um Borgarfjörð kom ekkert eitt með afgerandi hætti upp í huga svarenda. Greinilegt var þó að Borgarnes ásamt náttúrunni skipaði nokkurn sess í huga svarenda þegar spurt var um svæðið, ásamt sumarbústöðum. Einnig voru verslun og sjoppur nefndar af þó nokkrum hluta og ýmis örnefni úr náttúrunni. Afstaða svarenda var mun skýrari til þess hvað einkenndi helst Borgarfjörð, en það voru helst þættir tengdir náttúru og náttúrufegurð. Annað helsta einkenni Borgarfjarðar voru sumarbústaðir.

Sagan var fólki ofarlega í huga þegar spurt var um hvaða atburð það tengdi helst við Borgarfjörð og þar á hæst Snorri Sturluson, Egil Skallagrímsson eða Eglu. Ef teknir eru saman þeir sem nefndu sögutengda atburði, Snorra, Egil og annað efni úr Íslendingasögunum þá voru það um 36,2% svarenda. Ferðatengdir þættir voru einnig nefndir af töluverðum hluta svarenda.

Þegar spurt var um hvaða stað fólk tengdi helst við Borgarfjörð þá var Borgarnes oftast nefnt og þar á eftir Reykholt og Bifröst. Slæmir vegir komu helst í hugann hjá svarendum ef þeir áttu að benda á eitthvað neikvætt en aðrir þættir voru þjónusta við ferðamenn og umferðaröryggi.

### **Snæfellsnes**

Snæfellsjökull var það sem flestum svarendum datt allra fyrst í hug þegar Snæfellsnes var nefnt. Aðrir þættir voru helst náttúrufegurð og Stykkishólmur. Þegar spurt var um hvað einkenndi helst Snæfellsnes þá var það aftur Snæfellsjökull sem svarendur sögðu oftast og þar á eftir náttúrufegurð.

Danskir dagar voru sá atburður sem flestir svarendur tengdu helst við Snæfellsnes. Önnur atriði nefnd tengdust helst ferðamálum og það vekur athygli að ef þeir sem sögðu Snæfellsjökul og atriði tengd honum, m.a. geimverur á jöklinum þá voru það um 21,4% svarenda. Þannig að jökullinn var áberandi ofarlega í huga svarenda.

Stykkishólmur og Snæfellsnes voru svarendum oftast efst í huga þegar spurt var um stað á Snæfellsnesi. Slæmir vegir og veðurfar voru oftast nefndir sem neikvæðir þættir og þar á eftir þjónusta við ferðamenn.

### **Dalir**

Búðardalur var það sem svarendum datt allra fyrst í hug þegar Dalir voru nefndir. Mun færri nefndu aðra þætti, en það var helst náttúra og náttúrufegurð, veiði, hestar og útivist og að lokum bændur og sveit. Svipað kom upp þegar spurt var um hvað einkenni helst Dalina þ.e. sveitin og bændur, náttúruna og fegurð hennar og en einnig nefndi hluti svarenda söguna. Þegar spurt var hvaða atburður væri helst tengdur við Dalina voru sögutengdir þættir eða sögupersónur nefndar s.s. Eiríksstaðahátið, Eiríkur rauði, Laxdæla og landnámskonan Auður djúpúðga.

Svarendur bentu oftast á samgöngumál þegar þeir voru spurðir hvað kæmi upp í huga þeirra ef þeir ættu að benda á eitthvað neikvætt við Dalina, en auk þess voru atvinnu- og hagþróun og daufleiki helst sagðir vera neikvæðir þættir.

## 4. Að búa á Vesturlandi?


Í könnuninni voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu koma til álita að búa á þeim fjórum svæðum sem skilgreind voru í upphafi. Hér á eftir er fjallað um helstu niðurstöður úr þeirri spurningu. Í töflu 1 má sjá niðurstöður fyrir hvert landssvæði. Í framhaldi var framkvæmd greining á svörum eftir kyni, aldri, búsetu og hvort viðkomandi hefði búið á Vesturlandi eða ekki. Niðurstöður greiningar eftir bakgrunnsbreytum eru eingöngu settar fram þar sem fram kom marktækur munur en notað var viðeigandi marktæktarpróf. T.d. kom í þessum spurningum um hvort íhugað væri að setjast að á tilteknu landssvæði, hvergi fram marktækur munur á svörum eftir kyni. Ennfremur var sverendum af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (landsbyggð) slegið saman í flestum tilvikum og afstaða þeirra borin saman við afstöðu svarenda af höfuðborgarsvæðinu. Ástæðan fyrir því að íbúum af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra var slegið saman, er sú að í öllum tilvikum nema tveimur var marktæktarprófið ógilt vegna fárra svara á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra. Ef það kom fram gilt marktæktarpróf þegar spurningarnar voru greindar eftir búsetu þar sem Vestfirðir og Norðurlandi vestra voru aðskilin, þá eru þær niðurstöður settar fram og fjallað um þær.

Að lokum voru gögnin vigtuð, þannig að kynjahlutfall, aldurs- og búsetuskipting er í samræmi við kynja-, aldur- og búsetuskiptingu íbúa á þessum svæðum samkvæmt mannfjöldatölum frá Hagstofunni á þessum tíma. T.d. var kynjaskipting í könnuninni 55% konur á móti 45% karla, en samkvæmt tölum frá Hagstofunni er kynjaskipting á þeim landssvæðum, sem könnunin var framkvæmd, á nokkurn vegin jöfn. Þess vegna voru gögnin vigtuð þannig að svör kvenna fengu aðeins meira vægi í könnunni, þannig að það samræmdist raunverulegri kynjaskiptingu á landssvæðunum. Sama á við um aldurs- og búsetuskiptingu.

**Tafla 1 Kemur til álita að búa á Akranesi og í nágrenni, Borgarfirði, Snæfellsnesi eða í Dölunum?**

Það gæti komið til álita fyrir mig að búa á...	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Fjöldi
...á Akranesi og í nágrenni	3,3%	17,8%	25,6%	53,3%	422
...í Borgarfirði	4,8%	31,7%	26,9%	36,7%	420
...á Snæfellsnesi	4,7%	16,9%	27,3%	51,1%	425
...í Dölunum	2,9%	9,4%	19,8%	68,0%	415

Að mati svarenda kom helst til greina að flytja í Borgarfjörð, þar sem 36,4% svarenda voru mjög eða frekar sammála því (sjá mynd 26). Fæstir vildu íhuga að flytja í Dalina eða 12,3%. Þar á milli voru 21,1% sem voru tilbúnir til að íhuga að flytja á Akranes eða nágrenni og 21,6% á Snæfellsnes.



#### **Mynd 26 Kemur til álita að búa annars staðar greint eftir svæðum**


Í framhaldi af þessu var hver spurning greind eftir kyni, aldri, búsetu og því hvort að viðkomandi hefði búið á Vesturlandi eða ekki. Notað var marktektarprófið *kíkvaðrat* og einungis er fjallað um niðurstöður þegar það kom fram marktækur munur. Niðurstöður marktektarprófsins eru settar fram við hverja mynd í fótnótu, þar sem \* merkir að 90% vissa að það sé munur, \*\* að það sé 95% vissa og \*\*\* að það sé 99% vissa.

#### **Það gæti komið til álita fyrir mig að búa á Akranesi og í nágrenni**


Þegar afstaða svarenda var greind eftir búsetu (sjá mynd 27) kom í ljós að mun hærra hlutfall af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra heldur en af höfuðborgarsvæðinu taldi koma til álita að búa á Akranesi og í nágrenni.

Af þeim sem búa á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra voru 34% mjög eða frekar sammála því að það kæmi til álita að búa á Akranesi og í nágrenni á meðan einungis 18% svarenda af höfuðborgarsvæðinu voru sama sinnis. Samkvæmt þessu virtust svarendur af þessum tveimur landsbyggðarsvæðum frekar vera til í að setjast að á Akranesi eða í nágrenni sem er í útjaðri höfuðborgarsvæðisins samanborið við höfuðborgarbúa. Þó var í báðum tilfellum um að ræða afstöðu minnihluta svarenda sem væri til í að íhuga að setjast að á Akranesi eða nágrenni.





**Mynd 27** Komið til álita að búa á Akranesi og í nágrenni, greint eftir búsetu.<sup>1</sup>



**Mynd 28** Komið til álita að búa í Borgarfirði, greint eftir aldri<sup>2</sup>


<sup>1</sup>  $\chi^2$  (3) 12,83 p<0,05

<sup>2</sup>  $\chi^2$  (6) 11,50 p<0,1

### Það gæti komið til álita fyrir mig að búa í Borgarfirði

Þegar svör við spurningunni voru greind eftir aldri kom í ljós nokkur munur milli hópa (sjá Mynd 28). Elsti aldurshópurinn, 56-70 ára, taldi það helst koma til álita að búa í Borgarfirði þótt það hafi verið afstaða minnihluta svarenda, en þó voru 40,9% mjög eða frekar sammála að það gæti komið til greina. Yngsti aldurshópurinn, 20-35 ára taldi síst koma til greina að búa í Borgarfirði en 69,5% voru mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni. Af þeim sem voru á aldrinum 36-55 ára voru 63,4% mjög eða frekar ósammála því að það komi til álita að búa í Borgarfirði.


Afstaða svarenda til þess að búa í Borgarfirði var greind eftir búsetu (sjá Mynd 29). Hér kom nokkur munur í ljós. Svarendur af höfuðborgarsvæðinu töldu mun síður koma til álita að búa í Borgarfirði heldur en svarendur af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra. Rúm 70% íbúa á höfuðborgarsvæðinu voru mjög eða frekar ósammála því að það komi til álita að búa í Borgarfirði en rétt rúmur meirihluti svarenda búsettir á Vestfjörðum eða Norðurlandi vestra (52,7%) var mjög eða frekar ósammála fullyrðingunni. Það vekur athygli að 47,3% svarenda frá landsbyggðarsvæðunum tveimur taldi koma til álita að búa í Borgarfirði.




**Mynd 29** Komið til álita að búa Borgarfirði, greint eftir búsetu<sup>3</sup>

Þegar svör við spurningunni voru greind eftir því hvort svarendur hefðu búið á Vesturlandi eða ekki kom í ljós að þeir sem höfðu búið þar áður töldu frekar koma til álita að búa í Borgarfirði (sjá Mynd 30) samanborið við þá sem ekki höfðu búið á Vesturlandi áður. Af brottfluttum Vestlendingum voru 47,1% mjög eða frekar sammála því að það kæmi til álita að búa í Borgarnesi á meðan 32,7% þeirra sem höfðu ekki búið á Vesturlandi töldu það koma til álita.

<sup>3</sup>\*\*  $\chi^2$  (3) 15,75  $p < 0,05$



**Mynd 30** Komið til álita að búa í Borgarfirði, greint eftir því hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>4</sup>




**Mynd 31** Komið til álita að búa á Snæfellsnesi greint eftir búsetu<sup>5</sup>

<sup>4</sup> \*\*  $\chi^2$  (3) 8,32 p<0,05

### Það gæti komið til álita fyrir mig að búa á Snæfellsnesi

Þegar afstaða var greind eftir búsetu kom í ljós að svarendur af höfuðborgarsvæðinu töldu síður koma til álita að búa á Snæfellsnesi heldur en svarendur af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (sjá Mynd 31).

Mikill meirihluti eða 81,3% svarenda af höfuðborgarsvæðinu var mjög eða frekar ósammála því að það kæmi til álita að búa á Snæfellsnesi þar af voru 56,3% mjög ósammála. Heldur færri en þó mikill meirihluti svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (77,6%) var mjög eða frekar ósammála því að það kæmi til álita. Afstaða svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra var ekki eins eindregin og þeirra sem búsettir voru á höfuðborgarsvæðinu.



**Mynd 32** Komið til álita að búa í Döllum greint eftir búsetu<sup>6</sup>

<sup>5</sup> \*  $\chi^2$  (3) 7,11  $p < 0,1$

<sup>6</sup> \*\*  $\chi^2$  (2) 7,70  $p < 0,05$

## Samantekt

Það sem má helst greina þegar svarendur voru spurðir hvort þeir myndu íhuga að setjast að á þeim fjórum landssvæðum sem spurt var um, er að þriðjungur var tilbúinn að íhuga að setjast að í Borgarfirði, fimmtungur á Snæfellnesi eða Akranesi og nágrenni og heldur færri í Dölum. Það kemur ekki á óvart að þeir sem búa á Vestfjörðum eða á Norðurlandi vestra voru heldur tilbúnari til að íhuga búsetu annars staðar heldur en höfuðborgarbúar.

Þegar þetta var skoðað eftir aldri, kom einungis fram aldursmunur þegar fólk var spurt hvort það myndi íhuga að setjast að í Borgarfirði, þar sem eldra fólk var frekar tilbúið til að íhuga það heldur en yngra fólk. Að sama skapi, þá var búseta í Borgarfirði líka eina landssvæðið þar sem kom fram munur eftir því hvort að fólk hefði búið á Vesturlandi áður eða ekki, þar sem brottfluttir Vestlendingar voru viljugri til að íhuga búsetu í Borgarfirði samanborið við þá sem ekki höfðu búið þar áður.

## 5. Hvaða búsetuskilyrðum sækist fólk eftir?

Í könnuninni var spurt um hversu mikilvæg ákveðin atriði væru í huga þátttakenda ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta. Hér er fjallað um niðurstöður úr þeirri spurningu. Alls var um að ræða 18 atriði sem beðið var um afstöðu til. Afstaða til allra atriða var greind eftir kyni, aldri, búsetu og því hvort svarendur hefðu búið á Vesturlandi eða ekki. Einungis eru settar fram og fjallað um niðurstöður þar sem marktækur munur var eftir bakgrunnsbreytum.

Afstaða svarenda til þess hversu mikilvæg einstök atriði væru í þeirra huga ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta er sett fram í töflu 2. Samkvæmt niðurstöðunum eru fimm atriði sem yfir 90% svarenda töldu mjög eða frekar mikilvæg, í þessari röð, *fjölbreytt atvinnutækifæri, nálægð við náttúruna, gott fjarskiptakerfi, að lágvöruverðsverslun sé nálæg og að búa þar sem glæpir eru fátíðir*.

**Tafla 2 Ef íhugað að setjast að í öðrum landshluta, hversu mikilvæg eru eftirtalin atriði?**

	Mjög mikilvægt	Frekar mikilvægt	Frekar léttvægt	Mjög léttvægt	Fjöldi
Gott umhverfi til að ala upp börn	65,8%	17,5%	7,9%	8,8%	445
Að góðir grunnskólar séu á svæðinu	71,5%	13,3%	6,6%	8,6%	442
Að framhaldsskóli sé á svæðinu	49,3%	31,5%	11,9%	7,3%	438
Fjölbreytt atvinnutækifæri	73,8%	20,9%	3,1%	2,2%	450
Að háskóli sé á svæðinu	22,4%	31,4%	33,9%	12,4%	437
Lægra húsnæðisverð	46,8%	38,1%	12,0%	3,1%	449
Gott fjarskiptakerfi	71,0%	22,8%	4,4%	1,8%	451
Nálægð við höfuðborgarsvæðið	24,4%	43,1%	26,4%	6,1%	443
Gott framboð á menningu	26,9%	47,5%	21,0%	4,5%	442
Góðir leikskólar	51,7%	22,4%	12,1%	13,7%	437
Gott framboð á leiguhúsnæði	16,1%	30,4%	30,6%	22,8%	434
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu	46,3%	35,3%	12,8%	5,5%	436
Að lágvöruverðsverslun sé nálæg	60,2%	31,3%	6,9%	1,6%	450
Nálægð við náttúruna	73,1%	20,9%	5,3%	0,7%	449
Kyrrð og ró	65,3%	24,5%	8,5%	1,8%	449
Að losna við mikla bílaumferð	54,1%	31,2%	13,1%	1,6%	449
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir	75,4%	17,2%	5,1%	2,2%	447
Að búa ekki of þétt	42,1%	38,3%	15,7%	4,0%	447

Tekin voru saman atriði sem yfir 80-90% svarenda töldu mjög eða frekar mikilvæg og voru þau átta í þessari röð; *að búa ekki of þétt, að framhaldsskóli sé á svæðinu, gott framboð á íþróttum og afþreyingu, góðir grunnskólar, lægra húsnæðisverð, losna við bílaumferð og kyrrð og ró*. Á sama hátt töldu rúm 74% svarenda gott framboð á menningu og góða leikskóla mjög eða frekar mikilvæg atriði. Heldur færri eða 67,5% töldu nálægð við höfuðborgarsvæðið mjög eða frekar mikilvæga. Athygli vekur að aðeins rétt rúmur meirihluti eða 53,8% taldi mjög eða frekar mikilvægt að háskóli sé á svæðinu. Minnihluti svarenda eða 46,5% sagði gott framboð á leiguhúsnæði vera mikilvægt atriði.

Þáttagreining var notuð til að draga fram undirliggjandi þætti í hvaða atriði voru mikilvæg ef íhugað er að setjast að í öðrum landshluta. Í þáttagreiningu er gert ráð fyrir að flokkur spurninga sé að mæla sama þátt eða mismunandi hliðar þess sama og þess vegna er hægt að búa til einn kvarða fyrir hvern þátt að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þáttagreiningin varpar ljósi á hve margir þættirnir eru, hvaða atriði tilheyra hverjum og einum, hver innbyrðis fylgni spurninganna er og hversu mikið þátturinn skýrir af heildardreifni hverrar spurningar sem tilheyra honum.

Við þáttagreininguna var notuð *principal axis* aðferð með hornskökkum snúningi þar sem fylgni milli þátta var hærrí en 0,3. Niðurstöður þáttagreiningarinnar eru að skipta má svörum í fimm flokka sem skýra samtals 63,13% af heildardreifni svaranna. Flokkarnir fimm eru; *þjónusta við barnafjölskyldur*, *náttúra / kyrrð*, *góð lífskjör / framfærslukostnaður*, *aðgengi að menningu* og *fjölbreytt atvinnulíf / háskóli*. Í töflu 3 má sjá hvaða spurningar tilheyra hverjum þætti.

**Tafla 3 Fimm þættir sem fólk telur vera mikilvæga ef það íhugar að setjast að í öðrum landshluta**

**Þjónusta við barnafjölskyldur**

Að góðir grunnskólar séu á svæðinu  
Gott umhverfi til að ala upp börn  
Góðir leikskólar  
Að framhaldsskóli sé á svæðinu  
Gott framboð á íþróttum og afþreyingu

**Nálægð við náttúruna / kyrrð**

Kyrrð og ró  
Nálægð við náttúruna  
Að losna við mikla bílaumferð  
Að búa ekki of þétt  
Að búa þar sem glæpir eru fátíðir

**Góð lífskjör / framfærslukostnaður**

Lægra húsnæðisverð  
Gott framboð á leiguhúsnæði  
Að lágvöruverðsverslun sé nálægt  
Gott fjarskiptakerfi

**Aðgengi að menningu**

Nálægð við höfuðborgarsvæðið  
Gott framboð á menningu

**Fjölbreytt atvinnutækifæri / háskóli**

Að háskóli sé á svæðinu  
Fjölbreytt atvinnutækifæri

Miðað var við að þáttahleðslur hverrar spurningar væru yfir 0,3 þannig að hver þáttur skýri að minnsta kosti 9% í dreifingu hverrar breytu. Samkvæmt viðmiðum CoAmreys<sup>7</sup> hafa um 78% atriðanna framúrskarandi þáttahleðslur (> 0,71), mjög góðar (> 0,63) eða góðar (> 0,55). Af öllum þáttahleðslunum hafa 28% framúrskarandi þáttahleðslur, 22% mjög góðar og 28% góðar. Fimmtungur atriða hafa þáttahleðslu undir 0,55.

Búnir voru til 3 kvarðar úr fyrstu þremur þáttunum; *þjónustu við barnafjölskyldur*, *náttúra / kyrrð og góð lífskjör / framfærslukostnaður*. Kvarðarnir eru búnir til þannig, að reiknað er meðaltal hvers og eins svarenda á þeim spurningum sem mynda kvarðann. Þannig er t.d. reiknað meðaltal hvers svarenda á þeim fimm spurningum sem eru að mæla *þjónustu við barnafjölskyldur*; að

<sup>7</sup> Tabachnick og Fidell, 1989.

góðir grunnskólar séu á svæðinu, gott umhverfi til að ala upp börn, góðir leikskólar, að framhaldsskóli sé á svæðinu og að gott framboð sé á íþróttum og afþreyingu. Ekki voru búnir til kvarðar úr síðustu tveimur þáttunum, *aðgengi að menningu* og *fjölbreytt atvinnutækifæri / háskóli* þar sem hvor þáttur innihélt einungis tvær spurningar.

Til að meta nánar gæði kvarðanna var notuð atriðagreining. Hún sýnir hversu vel ólíkar spurningar mæla sama þáttinn. Í töflu 4 er yfirlit yfir stuðulinn *Cronbachs alpha*, en mælt er með að stuðullinn sé hærrí en 0,70 til þess að samkvæmni í kvarðanum sé fullnægjandi. Það telst ásættanlegt ef að stuðullinn er á milli 0,5 og 0,7.

**Tafla 4 Atriðagreining á þáttum; þjónusta við barnafjölskyldur, náttúra / kyrrð og góð lífskjör / framfærslukostnaður**

	Cronbach's alpha	Meðal- fylgni	Lægsta fylgni	Hæsta fylgni
Þjónusta við barnafjölskyldur	0,86	0,56	0,25	0,88
Nálægð við náttúruna / kyrrð	0,83	0,49	0,32	0,66
Góð lífskjör / framfærslukostnaður	0,61	0,30	0,15	0,40

Þessu næst voru notuð viðeigandi marktæktarpróf (*t-próf* fyrir kyn og búsetu, *ANOVA* fyrir aldurshópa) til að greina hvort það væri munur á meðaltölum eftir kyni, aldri og búsetu á hverjum kvarða fyrir sig, þ.e. *þjónustu við barnafjölskyldur, náttúra/kyrrð og lífskjör/framfærsla*. Niðurstöður sem eru settar fram í töflum 5-7, eru samanburður á meðaltölum, þar sem hærri meðaltal merkir jákvæðara viðhorf. Marktækur munur er stjörnumerktur; þar sem \*\* merkir að við getum sagt með 95% vissu að það sé munur og \*\*\* með 99% vissu að það sé munur eftir viðkomandi þætti. Notað var *Scheffe post hoc* próf til að greina hvar munur lægi helst á milli aldurshópa.

**Tafla 5 Þjónusta við barnafjölskyldur greint eftir kyni, aldri og búsetu**

	Meðaltal	Staðalfrávik
<i>Kyn:**</i>		
Karl	3,22	0,80
Kona	3,37	0,74
<i>Aldur:***</i>		
20-35 ára	3,52	0,50
36-55 ára	3,29	0,74
56-70 ára	3,16	0,93
<i>Búseta:**</i>		
Höfuðborgarsvæðið	3,26	0,79
Vestfirðir / Norðurland V.	3,46	0,71

Í töflu 5 má sjá að konur (3,37) lögðu meiri áherslu en karlar (3,22) á að það sé þjónusta til staðar fyrir barnafólk á svæðinu ef íhugað er að setjast þar að. Munur kom einnig fram eftir aldri og lá hann fyrst og fremst í því að yngsti aldurshópurinn (3,52) lagði meiri áherslu á þjónustupáttinn heldur en eldri aldurshópar (3,29 og 2,16). Að lokum lögðu höfuðborgarbúar (3,26) minni áherslu á þjónustu við barnafjölskyldur, heldur en þeir sem komu frá Vestfirðum



eða Norðurlandi vestra (3,46). Það getur komið til vegna þess að íbúar af landsbyggðinni eru meðvitaðri um mikilvægi þjónustu, þar sem þeir þurfa oft en höfuðborgarbúar að sækja þjónustuna lengra að, á meðan höfuðborgarbúar taka hana meira sem sjálfgefna. Þess vegna ber að túlka þennan mun á milli íbúa af höfuðborgarsvæðinu og íbúa af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra með varúð, þ.e. það er ekki víst að höfuðborgarbúum finnist þjónusta við barnafjölskyldur skipta minna máli, heldur eru þeir bara vanari að hún sé til staðar og leggja þar af leiðandi ekki jafn mikla áherslu á hana. Hins vegar gæti það breyst ef þeir myndu flytja sig af höfuðborgarsvæðinu.

Þegar afstaða fólks til þess hversu miklu máli *náttúra / kyrrð* skiptir máli ef íhugað er að setjast að í öðrum landshluta er skoðuð, var ekki munur eftir kyni. Hins vegar má sjá mun eftir aldri þar sem elsti aldurshópurinn lagði (3,59) helst áherslu á *náttúra / kyrrð* og yngsti aldurshópurinn (3,33) síst (sjá tTafla 6). Aftur kom fram munur eftir búsetu, þar sem höfuðborgarbúar (3,44) lögðu minni áherslu á *náttúra / kyrrð* ef þeir íhuga að setjast að í öðrum landshluta, samanborið við þá sem bjuggu á Vestfjörðum eða á Norðurlandi vestra (3,63).

**Tafla 6 Náttúra / kyrrð greint eftir kyni, aldri og búsetu**


	Meðaltal	Staðalfrávik
<i>Kyn:</i>		
Karl	3,47	0,56
Kona	3,50	0,55
<i>Aldur:***</i>		
20-35 ára	3,33	0,62
36-55 ára	3,48	0,58
56-70 ára	3,59	0,46
<i>Búseta:**</i>		
Höfuðborgarsvæðið	3,44	0,59
Vestfirðir / Norðurland V.	3,63	0,44

Konur (3,28) lögðu meiri áherslu en karlar (3,11) á að lífskjör séu góð (sjá töflu 7). Þegar greint var eftir aldri hversu miklu máli *lífskjör / framfærsla* skipti, þá var það helst miðjaldurshópurinn (36-55 ára; 3,11) sem taldi þann þátt síst mikilvægan ef íhugað væri að setjast að í öðrum landshluta. Að lokum lögðu höfuðborgarbúar (3,16) minni áherslu á *lífskjör / framfærsla* heldur en þeir sem bjuggu á Vestfjörðum eða á Norðurlandi vestra (3,33). Sama vara þarf að hafa á túlkun hér á mun eftir landssvæðum eins og þegar *þjónusta við barnafjölskyldur* er greind. Þ.e. munurinn getur verið tilkominn vegna þess að höfuðborgarbúar eru mun vanari góðu aðgengi að lágvöruverðverslun og fjarskiptakerfi, sem eru tvö af fjórum atriðum sem mynda kvarðann.

**Tafla 7 Lífskjör / framfærsla greint eftir kyni, aldri og búsetu**

	Meðaltal	Staðalfrávik
<i>Kyn:**</i>		
Karl	3,11	0,54
Kona	3,28	0,54
<i>Aldur:**</i>		
20-35 ára	3,25	0,51
36-55 ára	3,11	0,58
56-70 ára	3,29	0,50
<i>Búseta:**</i>		
Höfuðborgarsvæðið	3,16	0,55
Vestfirðir / Norðurland V.	3,33	0,48

Í framhaldi af þessu var hver spurning fyrir sig greind eftir kyni, aldri, búsetu og þess hvort að viðkomandi hefði búið á Vesturlandi eða ekki. Einungis er fjallað um marktækan mun.



**Mynd 33**  
**kyni<sup>8</sup>**


**Mikilvægi þess að það sé gott umhverfi til að ala upp börn greint eftir**

<sup>8</sup> \*\* $\chi^2$  (3) 7,52 p<0,05

### Mikilvægi: Gott umhverfi til að ala upp börn

Þegar afstaða svarenda til þess hversu mikilvægt gott umhverfi til að ala upp börn væri var greind eftir kyni má á Mynd 33 sjá að hærra hlutfall kvenna en karla taldi gott umhverfi til að ala upp börn mikilvægt atriði. Mikill meirihluti þeirra kvenna sem svöruðu (87,1%) voru á þessari skoðun en 76,5% karla er sama sinnis. Afstaða kvenna var jafnframt mun eindregnari þegar litið er til þess að hversu hátt hlutfall þeirra taldi þennan þátt mjög mikilvægan samanborið við frekar mikilvægan.


Afstaða svarenda til mikilvægi þess að gott umhverfi sé til staðar til að ala upp börn var greind eftir aldri. Yngsti aldurshópurinn, 20-35 ára, lagði mesta áherslu á þennan þátt og sá elsti, 56-70 ára, minnsta (sjá Mynd 34). Mikill meirihluti svarenda á aldrinum 20-35 ára eða 82,2% þeirra taldi mjög mikilvægt að til staðar sé gott umhverfi til að ala upp börn. Ef teknir eru með þeir sem töldu þennan þátt frekar mikilvægan þá voru 95,6% þessa aldurshóps á þeirri skoðun. Meirihluti svarenda (85,7%) á aldrinum 36-55 ára taldi gott umhverfi fyrir börn mjög eða frekar mikilvægt og 71,6% aldurshópsins 56-70 ára var sama sinnis. Líkleg skýring á mismunandi afstöðu eftir aldri kann að ráðast af hvort fólk sé með börn á heimili eða eigi uppkomin börn.



Mynd 34  
aldri<sup>9</sup>

Mikilvægi þess að það sé gott umhverfi til að ala upp börn greint eftir

<sup>9</sup> \*\*\* $\chi^2$  (6) 36,63 p<0,001




**Mynd 35 Mikilvægi þess að góðir grunnskólar séu á svæðinu greint eftir aldri<sup>10</sup>**

#### **Mikilvægi: Að góðir grunnskólar séu á svæðinu**

Afstaða til hversu mikilvægt þátttakendur teldu að góðir grunnskólar væru á svæðinu var greind eftir aldri svarenda. Yngsti aldurshópurinn, 20-35 ára, lagði mesta áherslu á þennan þátt og sá elsti, 56-70 ára minnsta áherslu (sjá Mynd 35).

Mikill meirihluti eða 94,3% svarenda á aldrinum 20-35 ára taldi mjög eða frekar mikilvægt að góðir grunnskólar væru til staðar ef þeir væru að íhuga að flytja í annan landshluta. Af svarendum 36-55 ára voru 86,9% sama sinnis og 73,9% á aldrinum 56-70 ára var sömu skoðunar. Líkleg skýring á mismunandi afstöðu eftir aldri er eins og komið hefur fram er hvort að svarendur séu með börn á heimili eða ekki. Þeir sem eiga börn í dag á skólaaldri leggja meiri áherslu á barnvænt umhverfi og góða skóla heldur en þeir sem eiga uppkomin börn. Hafa þeir í huga að þrátt fyrir að greina megi mismun á afstöðu eftir aldri þá er um mikla meirihlutaskoðun allra aldurshópa að ræða að góðir grunnskólar séu mikilvægir.

<sup>10</sup>  $\chi^2(6) 20,98 p < 0,05$



**Mynd 36 Mikilvægi þess að góður grunnskóli sé á svæðinu greint eftir búsetu<sup>11</sup>**


Greining eftir búsetu á afstöðu til mikilvægi þess að góður grunnskóli væri til staðar leiddi í ljós að svarendur af Vestfirðum og Norðurlandi vestra lögðu heldur meiri áherslu á þetta atriði heldur en svarendur af höfuðborgarsvæðinu (sjá Mynd 36). Meirihluti (92%) svarenda af Vestfirðum og Norðurlandi vestra töldu mjög eða frekar mikilvægt að góður grunnskóli væri til staðar ef þeir myndu íhuga flutning í annan landshluta og 82,9% svarenda af höfuðborgarsvæðinu var sama sinnis.

#### **Mikilvægi: Að framhaldsskóli sé á svæðinu**


Greining á afstöðu til mikilvægis þess að framhaldsskóli væri til staðar ef fólk væri að íhuga flutning í annan landshluta leiddi í ljós ákveðinn mun eftir aldri svarenda. Aldurshópurinn 36-55 ára lagði mesta áherslu á að framhaldsskóli væri á svæðinu samanborið við yngsta og elsta aldurshópinn (sjá Mynd 37).

Af svarendum á aldrinum 36-55 ára töldu 97,6% mjög eða frekar mikilvægt að framhaldsskóli væri til staðar, 79% aldurshópsins 20-35 var sama sinnis og 76,3% svarenda úr aldurshópnum 56-70 ára taldi það mjög eða frekar mikilvægt. Afstaða aldurshópsins 36-55 ára var mjög afgerandi og líkleg skýring er að þessi hópur sé líklegri til að eiga börn á framhaldsskólaaldri en svarendur úr hinum aldurshópnum.

<sup>11</sup> \* $\chi^2$  (3) 6,62 p<0,1



**Mynd 37 Mikilvægi þess að framhaldsskóli sé á svæðinu greint eftir aldri<sup>12</sup>**



**Mynd 38 Mikilvægi þess að framhaldsskóli sé á svæðinu greint eftir því hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>13</sup>**


<sup>12</sup>  $\chi^2$  (6) 19,18 p<0,05

<sup>13</sup>  $\chi^2$  (3) 8,06 p<0,05

Þegar afstaða svarenda til mikilvægis þess að framhaldsskóli sé til staðar var greind eftir því hvort viðkomandi hefði búið á Vesturlandi eða ekki má sjá á Mynd 38 að þeir sem höfðu búið á Vesturlandi áður leggja meiri áherslu á það atriði. Af þeim sem höfðu búið áður á Vesturlandi töldu 84,1% mjög eða frekar mikilvægt að framhaldsskóli væri til staðar á svæðinu en 79,5% þeirra sem höfðu ekki búið áður á Vesturlandi eru sama sinnis. Munurinn er ekki mikill en kann þó að skýrast af reynslu brottfluttra af Vesturlandi ef þeir hafa búið við þær aðstæður áður að langt væri í næsta framhaldsskóla.


### Mikilvægi: Að háskóli sé á svæðinu

Athugun á afstöðu svarenda eftir kyni til mikilvægis þess að háskóli væri til staðar, ef viðkomandi væri að íhuga flutning, sýndi að konur lögðu heldur meiri áherslu á þennan þátt heldur en karlar (sjá Mynd 39). Meirihluti kvenna sem svörðu (57,2%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að háskóli væri til staðar en rétt tæpur helmingur karla (49,3%) er sama sinnis.




**Mynd 39 Mikilvægi þess að háskóli sé á svæðinu greint eftir kyni<sup>14</sup>**

<sup>14</sup> \* $\chi^2$  (3) 6,53 p<0,1



**Mynd 40 Mikilvægi þess að háskóli sé á svæðinu greint eftir aldri<sup>15</sup>**



**Mynd 41 Mikilvægi lægra húsnæðisverðs greint eftir kyni<sup>16</sup>**

<sup>15</sup> \* $\chi^2$  (6) 11,04 p<0,1


<sup>16</sup> \* $\chi^2$  (3) 6,76 p<0,1



Greining á afstöðu svarenda eftir aldri leiddi í ljós að eldri svarendur töldu mikilvægara að háskóli væri til staðar á svæðinu ef þeir væru að íhuga flutning (sjá Mynd 40). Meirihluti svarenda á aldrinum 36-55 ára taldi mjög eða frekar mikilvægt að háskóli væri til staðar og meirihluti (55,5%) aldurshópsins 56-70 ára var sama sinnis. Hinsvegar var meirihluti svarenda (52,5%) á aldrinum 20-35 ára á því að það væri frekar eða mjög léttvægt atriði hvort háskóli væri til staðar við íhugun á flutning milli landshluta.

### Mikilvægi: Lægra húsnæðisverð

Afstaða til þess hversu mikilvægt lægra húsnæðisverð væri í huga fólks var greind eftir kyni. Konur virtust leggja meiri áherslu en karlar á lægra húsnæðisverð ef þær væru að íhuga flutning milli landshluta (sjá Mynd 41). Meirihluti kvenna (52,5%) taldi lægra húsnæðisverð mjög mikilvægt, 40,5% karla var sama sinnis. Þegar tekin eru saman þau sem telja lægra húsnæðisverð mjög eða frekar mikilvægt var áfram munur milli kynja.



**Mynd 42 Mikilvægi góðs fjarskiptakerfis greint eftir búsetu<sup>17</sup>**


### Mikilvægi: Gott fjarskiptakerfi (sími, sjónvarp, net)

Afstaða til mikilvægis þess að gott fjarskiptakerfi sé til staðar var greind eftir búsetu svarenda. Á Mynd 42 má sjá að hlutfallið var hærra meðal þeirra sem búsettir eru á Vestfjörðum og Norðurlandi vestra ef teknir eru saman þeir sem töldu þennan þátt mjög eða frekar mikilvægan en á móti virtust svarendur af höfuðborgarsvæðinu heldur ákveðnari í afstöðu sinni. Mikill meirihluti svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (98,5%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að gott fjarskiptasamband væri til staðar og 94,4% svarenda af höfuðborgarsvæðinu var sama sinnis. Munur á afstöðu er ekki mikill.

<sup>17</sup>  $\chi^2 (2) 6,70 p < 0,05$

### Mikilvægi: Nálægð við höfuðborgarsvæðið

Afstaða til þess hversu mikilvæg nálægð við höfuðborgarsvæðið væri ef fólk væri að íhuga flutning milli landshluta var athuguð eftir svarenda. Svarendur úr elsta aldurshópnum, 56-70 ára, töldu nálægð við höfuðborgarsvæðið mikilvægari en fólk úr hinum tveimur aldurshópnum (sjá Mynd 43).




**Mynd 43 Mikilvægi nálægðar við höfuðborgarsvæðið greint eftir aldri<sup>18</sup>**

Meirihluti svarenda (75,6%) úr aldurshópnum 56-70 ára taldi nálægð við höfuðborgarsvæðið mjög eða frekar mikilvæga ef þeir væru að íhuga flutning í annan landshluta. Tæp 60% svarenda á aldrinum 36-55 ára voru sama sinnis og heldur hærra hlutfall eða 68,8% svarenda 20-35 ára taldi nálægðina við höfuðborgarsvæðið mjög eða frekar mikilvæga. Elstu svarendur sögðu nálægðina mikilvægasta, yngstu koma þar á eftir en miðhópurinn eða fólk á aldrinum 36-55 ára lagði minnsta áherslu á nálægð við höfuðborgarsvæðinu. Það var þó meirihlutaskoðun allra aldurshópa að nálægð við höfuðborgarsvæðið væri mikilvægt.

Afstaða svarenda til nálægðar við höfuðborgarsvæðið var greind eftir búsetu. Svarendur af höfuðborgarsvæðinu lögðu mun meiri áherslu á nálægð við höfuðborgarsvæðið, ef þeir væru að íhuga flutning til annarra landshluta, heldur en svarendur af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (sjá Mynd 44).

<sup>18</sup>  $\chi^2$  (6) 14,23  $p < 0,05$



**Mynd 44 Mikilvægi nálægðar við höfuðborgarsvæðið greint eftir búsetu<sup>19</sup>**


Munurinn var nokkuð afgerandi. Meirihluti svarenda af höfuðborgarsvæðinu (76,8%) taldi nálægð við höfuðborgarsvæðið mjög eða frekar mikilvægt atriði. Minnihluti þeirra sem komu af Vestfirðum (48,1%) lagði áherslu á þennan þátt og enn lægra hlutfall svarenda af Norðurlandi vestra (35,7%). Hugsanlegt er að þeir sem bjuggu þegar utan höfuðborgarsvæðisins geri það einmitt vegna þess að þeir telji aðra þætti vega þyngra í því umhverfi heldur en nálægð við höfuðborgarsvæðið. Svarendur af höfuðborgarsvæðinu kunna á sama hátt hafa valið sér búsetu þar vegna gilda sem eru þeim mikilvæg og þeir telja að bjóðist þar fremur en á landsbyggð.

#### **Mikilvægi: Gott framboð á menningu**

Greining á afstöðu til góðs framboðs menningu var greind eftir kyni svarenda. Konur virtust leggja mun meiri áherslu en karlar á að gott framboð á menningu sé til staðar ef þær væru að íhuga að flytja búferlum (sjá Mynd 45).

Meirihluti kvenna (81,4%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að gott framboð af menningu væri til staðar. Mun lægra hlutfall en þó meirihluti karla (66,4%) var sama sinnis. Erfitt er að skýra þennan mun en hugsanlegt er að hann tengist ólíkum viðhorfum kynjanna til þess sem umhverfið býður upp á og birtist í mörgum myndum út í samfélaginu. Áður hefur komið fram að konur virtust leggja meiri áherslu en karlar á fjölbreytt atvinnutækifæri, gott umhverfi til að ala upp börn og að háskóli sé til staðar. Það kann því að vera að konur hugsi meira um aðgengi að þjónustu almennt í tengslum við val á búsetu.

<sup>19</sup> \*\*\* $\chi^2$  (6) 29, 34 p<0,001




**Mynd 45 Mikilvægi framboðs menningar greint eftir kyni<sup>20</sup>**


Afstaða svarenda til góðs framboðs af menningu var einnig greind eftir aldri þeirra. Á Mynd 46 má sjá að ef tekið er saman hlutfall þeirra sem taldi gott framboð af menningu mjög eða frekar mikilvægt atriði þá virtist afstaðan fylgja nokkuð aldri svarenda. Því eldri sem svarendur voru því meiri áherslu virtust þeir leggja á menningu.

Hæst hlutfall svarenda á aldrinum 56-70 ára (77,7%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að gott framboð af menningu væri til staðar. Tæp 73% þeirra sem eru á bilinu 36-55 ára var sama sinnis og 71,6% og áþekkt hlutfall svarenda á aldrinum 20-35 ára taldi gott framboð af menningu mjög eða frekar mikilvægt atriði ef þeir væru að íhuga flutning í annan landshluta. Allir aldurshópar lögðu í raun nokkuð mikla áherslu á framboð menningar.

<sup>20</sup>  $\chi^2(3) 16,02 p < 0,05$



**Mynd 46 Mikilvægi framboðs menningar greint eftir aldri<sup>21</sup>**



**Mynd 47 Mikilvægi góðra leikskóla greint eftir kyni<sup>22</sup>**


<sup>21</sup>  $\chi^2(6) 16,14 p < 0,05$

<sup>22</sup>  $\chi^2(3) 9,30 p < 0,05$

### Mikilvægi: Góðir leikskólar

Greining á afstöðu til þess hversu mikilvægt væri að góðir leikskólar væru til staðar leiddi í ljós að konur virtust leggja heldur meiri áherslu á góða leikskóla heldur en karlar (sjá Mynd 47). Meirihluti kvenna (77,2%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að góðir leikskólar væru til staðar ef þær væru að íhuga flutning. Heldur lægra hlutfall en þó meirihluti karla (70,1%) var á sömu skoðun. Afstaða kvenna var hér mun ákveðnari en karla en 58,1% þeirra taldi góða leikskóla mjög mikilvæga.

Þegar afstaða til góðra leikskóla var greind eftir aldri svarenda voru niðurstöður þær að yngra fólk lagði meiri áherslu, en þeir sem voru eldri, á að góðir leikskólar séu til staðar (sjá Mynd 48). Mikill meirihluti (89,9%) svarenda á aldrinum 20-35 ára taldi mjög eða frekar mikilvægt að góðir leikskólar væru til staðar, þar af töldu 72,0% þetta atriði mjög mikilvægt ef viðkomandi væri að íhuga að flytja búferlum. Heldur lægra hlutfall eða 69,2% svarenda á aldrinum 36-55 ára var á þessari skoðun og álíka hlutfall (69,4%) svarenda úr aldurshópnum 56-70 ára. Hugsanleg skýring á mismunandi afstöðu eftir aldri er að svarendur úr yngsta aldurshópnum eru líklegri til að eiga börn á leikskólaaldri og því vegi þessi þáttur þyngra í þeirra hugum.




**Mynd 48 Mikilvægi góðra leikskóla greint eftir aldri<sup>23</sup>**

### Mikilvægi: Gott framboð á leiguhúsnæði

Afstaða til góðs framboðs á leiguhúsnæði var greind eftir aldri svarenda. Eins og komið hefur fram vó þessi þáttur minnst meðal svarenda í heild en minnihluti eða 46,5% þeirra taldi hann mjög eða frekar mikilvægan. Eldri svarendur lögðu meiri áherslu en þeir yngri á gott framboð á leiguhúsnæði (sjá Mynd 49).

<sup>23</sup> \*\*\* $\chi^2$  (6) 40,13  $p < 0,001$




**Mynd 49 Mikilvægi framboðs á leiguhúsnæði greint eftir aldri<sup>24</sup>**


Rúmur meirihluti (53,4%) svarenda á aldrinum 56-70 ára taldi gott framboð á leiguhúsnæði mjög eða frekar mikilvægt atriði ef þeir væru að íhuga að flytja í annan landshluta. Minnihluti þeirra sem eru á aldrinum 36-55 ára (39,5%) voru sama sinnis og einnig minna en helmingur svarenda (49,6%) úr aldurshópnum 20-35 ára.

Svarendur sem bjuggu á Vestfjörðum töldu gott framboð af leiguhúsnæði mikilvægara en svarendur af öðrum svæðum (sjá Mynd 50). Meirihluti svarenda af Vestfjörðum (64,3%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að til staðar sé gott framboð af leiguhúsnæði. Heldur færri en þó meirihluti svarenda (53,8%) af Norðurlandi vestra var sama sinnis. Innan við helmingur eða 42,5% þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu töldu gott framboð á leiguhúsnæði mjög eða frekar mikilvægt ef þeir væru að íhuga flutning til annars landshluta. Erfitt er að skýra þennan mun en hugsanlega má tengja hann þróun í búferlaflutningum síðustu áratuga en leið landsmanna hefur legið til höfuðborgarsvæðisins að mestu leyti. Hluti fólks sem flytur á milli staða vill gjarnan leigja húsnæði fyrst um sinn áður en það tekur endanlega ákvörðun um kaup á húsnæði.

<sup>24</sup>  $\chi^2$  (6) 14,25  $p < 0,05$



**Mynd 50 Mikilvægi framboðs á leiguhúsnæði greint eftir búsetu<sup>25</sup>**



**Mynd 51 Mikilvægi framboðs á leiguhúsnæði greint eftir því hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>26</sup>**

<sup>25</sup>  $\chi^2(6) 10,96 p < 0,1$


<sup>26</sup>  $\chi^2(3) 7,24 p < 0,1$



Svarendur sem höfðu búið áður á Vesturlandi lögðu minni áherslu á gott framboð af leiguhúsnæði ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta (sjá Mynd 51). Meirihluti svarenda sem búið höfðu áður á Vesturlandi (57%) töldu mjög eða frekar léttvægt að gott framboð á leiguhúsnæði væri til staðar. Heldur lægra hlutfall en þó meira en helmingur (52,1%) þeirra sem höfðu ekki búið áður á Vesturlandi taldi gott framboð á húsnæði mjög eða frekar léttvægt atriði.

### Mikilvægi: Gott framboð á íþróttum og hreyfingu

Greining á afstöðu svarenda eftir aldri til framboðs á íþróttum og hreyfingu leiddi í ljós að það var yngsti aldurshópurinn sem lagði mesta áherslu á þann þátt (sjá Mynd 52).




### Mynd 52 Mikilvægi framboðs á íþróttum og afþreyingu greint eftir aldri<sup>27</sup>

Mikill meirihluti svarenda á aldrinum 20-35 ára eða 89,7% taldi mjög eða frekar mikilvægt að gott framboð á íþróttum og afþreyingu væri til staðar ef þeir væru að íhuga að flytjast í annan landshluta. Álíka hátt hlutfall úr aldurshópnum 36-55 ára (78,3%) og úr aldurshópnum 56-70 ára (79,2%) taldi gott framboð á íþróttum og afþreyingu mjög eða frekar mikilvægt. Í raun lögðu allir aldurshópar áherslu á þetta atriði en meiri áhersla yngra fólks kann að skýrast m.a. af því að ástundun er meiri sökum þess að það er enn á keppnisaldri eða er með börn og telur mikilvægt að það sé gott framboð af íþróttum og afþreyingu fyrir börnin.

Greining á afstöðu til framboðs á íþróttum og afþreyingu var ennfremur greind eftir búsetu svarenda. Á Mynd 53 má sjá að hærra hlutfall svarenda sem búsettir voru á Vestfjörðum eða Norðurlandi vestra heldur en meðal þeirra sem voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu, lagði áherslu á gott framboð af íþróttum og afþreyingu.

<sup>27</sup> \* $\chi^2$  (6) 10,87 p<0,1




**Mynd 53 Mikilvægi framboðs á íþróttum og afþreyingu greint eftir búsetu<sup>28</sup>**

Afstaða svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra var einnig meira afgerandi heldur en höfuðborgarbúa. Af þeim sem bjuggu á Vestfjörðum eða Norðurlandi vestra taldi 86,9% þeirra að gott framboð væri mjög eða frekar mikilvægt og þar af töldu 59% það mjög mikilvægt. Heldur lægra hlutfall en þó mikill meirihluti svarenda af höfuðborgarsvæðinu (80,2%) taldi gott framboð á íþróttum og afþreyingu mjög eða frekar mikilvægt ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta.


#### **Mikilvægi: Að losna við mikla bílaumferð**

Athugun á afstöðu til hversu mikilvægt það væri í hugum svarenda að losna við mikla bílaumferð ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta leiddi í ljós mun eftir kynjum. Konur lögðu meiri áherslu á að losna við mikla bílaumferð heldur en karlar (sjá Mynd 54). Mikill meirihluti kvenna (87,3%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að losna við mikla bílaumferð. Hátt hlutfall karla (82,8%), en þó lægra en kvenna, var sama sinnis.

<sup>28</sup> \* $\chi^2$  (3) 6,27 p<0,1



**Mynd 54 Mikilvægi þess að losna við mikla bílaumferð greint eftir kyni<sup>29</sup>**




**Mynd 55 Mikilvægi þess að losna við mikla bílaumferð greint eftir aldri<sup>30</sup>**

<sup>29</sup>  $\chi^2(2) 6,43 p < 0,05$

<sup>30</sup>  $\chi^2(4) 10,92 p < 0,05$

Afstaða til þess hversu mikilvægt væri að losna við mikla bílaumferð var jafnframt greind eftir aldri. Afstaða svarenda var greinilega tengd aldri en þeir elstu lögðu mesta áherslu á að losna við mikla bílaumferð og þeir yngstu minnsta (sjá Mynd 55). Mikill meirihluti (90,9%) svarenda úr aldurshópnum 56-70 ára taldi mjög eða frekar mikilvægt að losna við mikla bílaumferð, 86,2% úr aldurshópnum 36-55 ára var sama sinnis og 75,6% þeirra sem voru á aldrinum 20-35 ára.

Afstaða til þess að losna við mikla bílaumferð var greind eftir því hvort svarendur hefðu búið áður á Vesturlandi eða ekki. Þeir sem höfðu búið áður á Vesturlandi lögðu meiri áherslu á að losna við mikla bílaumferð (sjá Mynd 56).




**Mynd 56 Mikilvægi þess að losna við mikla bílaumferð greint eftir því hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>31</sup>**


Mikill meirihluti eða 94,7% svarenda sem hefur búið áður á Vesturlandi taldi mjög eða frekar mikilvægt að losna við mikla bílaumferð, 81,9% þeirra sem höfðu ekki áður búið á Vesturlandi voru sama sinnis.

Þegar afstaða til þess að búa þar sem glæpir væru fátíðir var greind eftir búsetu má sjá að svarendur af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra lögðu meiri áherslu á það heldur en þeir sem komu af höfuðborgarsvæðinu (sjá Mynd 57). Mikill meirihluti svarenda (98,5%) af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra taldi mjög eða frekar mikilvægt að glæpir væru fátíðir ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta. Heldur lægra hlutfall en þó mikill meirihluti (90,6%) þeirra sem bjuggu á höfuðborgarsvæðinu voru sama sinnis. Afstaða svarenda af svæðunum á landsbyggðinni var heldur ákveðnari.

<sup>31</sup> \* $\chi^2$  (2) 12,92 p<0,05



**Mynd 57 Mikilvægi þess að búa þar sem glæpir eru fátíðir greint eftir búsetu<sup>32</sup>**



**Mynd 58 Mikilvægi þess að búa ekki of þétt greint eftir kyni<sup>33</sup>**


<sup>32</sup>  $\chi^2 (2) 8,66 p < 0,05$

<sup>33</sup>  $\chi^2 (3) 10,35 p < 0,1$

### Mikilvægi: Að búa ekki of þétt

Athugun á afstöðu svarenda til þess hversu mikilvægt væri í þeirra huga að búa ekki of þétt ef þeir væru að íhuga að setjast að í öðrum landshluta leiddi í ljós að karlar lögðu meiri áherslu en konur á þennan þátt (sjá Mynd 58). Karlar tóku eindregnari afstöðu og 84,9% þeirra töldu mjög eða frekar mikilvægt að búa ekki of þétt. Heldur lægra hlutfall kvenna (77,2%) var sama sinnis. Greinilegt er að það að búa ekki of þétt skipti fólki máli en samkvæmt þessu virðast karlar leggja meiri áherslu á það en konur.

Afstaða til þess að búa ekki of þétt var einnig greind eftir aldri. Í ljós kom að skoðun fólks í þessu sambandi var nokkuð aldurstengd en elstu svarendur lögðu mesta áherslu á þennan þátt og þeir yngstu minnsta (sjá Mynd 59).




### Mynd 59 Mikilvægi þess að búa ekki of þétt greint eftir aldri<sup>34</sup>

Mikill meirihluti eða 85,8% svarenda á aldrinum 56-70 ára taldi mjög eða frekar mikilvægt að búa ekki of þétt. Afstaða þessa aldurshóps var jafnframt ákveðnust en tæp 50% töldu þennan þátt mjög mikilvægan. Af svarendum úr aldurshópnum 36-55 ára töldu 80,2% mjög eða frekar mikilvægt að búa ekki of þétt og 72,6% þeirra sem eru á aldrinum 20-35 ára voru sama sinnis.

Greining á afstöðu, til þess að búa ekki of þétt, eftir búsetu svarenda leiddi í ljós að svarendur af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra lögðu meiri áherslu á þennan þátt heldur en svarendur af höfuðborgarsvæðinu (sjá Mynd 60).

<sup>34</sup> \* $\chi^2$  (6) 15,63 p<0,05



**Mynd 60 Mikilvægi þess að búa ekki of þétt greint eftir búsetu<sup>35</sup>**

Hátt hlutfall svarenda af Vestfirðum og Norðurlandi vestra (89,3%) taldi mjög eða frekar mikilvægt að búa ekki of þétt. Afstaðan var einnig mun ákveðnari meðal íbúa á Vestfirðum og á Norðurlandi vestra en meðal svarenda af höfuðborgarsvæðinu, þar 54,5% af fyrrnefnda hópnum taldi það vera mjög mikilvægt samanborið við 38,5% höfuðborgarbúa. Hugsanleg skýring er að íbúar á landsbyggðinni sem búa nú þegar við minni þéttleika en höfuðborgarbúar geri það einmitt vegna þess að það sé eftirsóknarvert í þeirra huga.

<sup>35</sup>  $\chi^2(3) 8,72 p < 0,05$

## Samantekt

Þegar skoðað er hvaða búsetuskilyrði það eru sem fólks sækist helst eftir ef það íhugar að setjast að í öðrum landshluta má skipta því gróflega í fimm flokka sem eru; *þjónusta við barnafjölskyldur, nálægð við náttúruna/kyrrð, góð lífskjör/framfærslukostnaður, aðgengi að menningu og fjölbreytt atvinnutækifæri/háskóli.*

Þegar fyrstu þrjú þættir voru skoðaðir, kom í ljós að konur lögðu almennt meiri áherslu en karlar á mikilvægi góðrar þjónustu við barnafjölskyldur og lífskjör. Eins lagði yngsti aldurshópurinn mesta áherslu á þessa tvo þætti, en minnsta áherslu á nálægð við náttúruna og kyrrð ef íhugað er að setjast að annars staðar. Að sama skapi lögðu íbúar af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra meiri áherslu á góða þjónustu við barnafjölskyldur, nálægð við náttúruna og lífskjör. Þegar hefur verið bent á að túlka þetta mun með fyrirvara þar sem ekki er hægt að halda því fram að höfuðborgabúar líti á þessi þætti sem síður mikilvægari, heldur getur verið að þeir taki þessum þáttum meira sem sjálfgefnum, þar sem þeir hafa þegar betra aðgengi að þeim en margir íbúar af landsbyggðinni.

Þegar spurt var um mikilvægi fjölbreyttra atvinnutækifæra, lögðu konur meiri áherslu á það heldur en karlar. Þær lögðu einnig meiri áherslu á að háskóli sé á svæðinu. Að sama skapi lagði eldra fólk meira upp úr því að háskóli sé á svæðinu og yngsti aldurshópurinn síst.

Eldra fólk lagði meiri áherslu á nálægð við höfuðborgarsvæðið og menningu ef það væri að íhuga búferlaflutninga. Þegar kynjamunur var skoðaður, þá lögðu konur meiri áherslu á menningu heldur en karlar, en ekki kom fram kynjamunur þegar spurt var um nálægð við höfuðborgarsvæðið. Ekki kom á óvart að íbúar af höfuðborgarsvæðinu lögðu meiri áherslu á nálægð við höfuðborgarsvæðið ef þeir væru að íhuga að flytja, samanborið við íbúa á Vestfjörðum og á Norðurlandi vestra.



## 6. Ímynd Vesturlands tengd ferðamennsku

### Akranes og nágrenni

Þátttakendur í könnuninni voru beðnir um að svara ákveðnum þáttum sem kunna að skipta máli fyrir ímynd svæðanna í tengslum við ferðapjónustu. Spurt var um afstöðu til sex þátta en rétt er að hafa í huga að mun fleiri þættir geta skipt máli í þessu sambandi.

Í Tafla 8 gefur að líta afstöðu svarenda til þess hversu vel eða illa þeir töldu ákveðna þætti eiga við um Akranes og nágrenni. Meirihluti svarenda í öllum tilvikum taldi atriðin sex eiga frekar illa eða mjög illa við um svæðið.

**Tafla 8 Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Akranes og nágrenni?**


	Á mjög vel við	Á frekar vel við	Á frekar illa við	Á mjög illa við	Fjöldi
Þar er mikið af náttúruperlum	5,6%	29,3%	56,8%	8,2%	426
Svæðið tengist menningu í mínum huga	3,7%	22,0%	59,6%	14,7%	428
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	5,7%	31,6%	51,2%	11,6%	424
Þar er oft gott veður	4,1%	25,1%	50,4%	20,5%	419
Margir áhugaverðir sögustaðir	4,7%	26,6%	56,7%	12,0%	425
Gott úrval af veitingastöðum	2,5%	18,3%	58,5%	20,7%	405

Minnihluti svarenda taldi að mikið sé af náttúruperlum á Akranesi og í nágrenni (34,9%), að svæðið tengist menningu í þeirra huga (25,7%), að þar séu margir afþreyingarmöguleikar (37,3%), oft gott veður (29,2%), áhugaverðir sögustaðir (31,3%) og úrval góðra veitingastaða (20,8%). Samkvæmt þessu er ekkert eitt atriði sem stóð upp úr í huga svarenda þegar spurt var um Akranes og nágrenni, en þó vekur athygli að það er einna helst að fólk taldi afþreyingarmöguleika á ferðalögum vera mikla en rúm 37% voru þeirrar skoðunar og síðan töldu tæp 35% svarenda að mikið af náttúruperlum væri á svæðinu.


Afstaða svarenda til ofangreindra þátta var greind eftir kyni, aldri, búsetu og því hvort að svarendur hefðu búið á Vesturlandi eða ekki. Einungis er fjallað um marktækan mun. (Myndir 61-72).

Greining á afstöðu svarenda eftir kyni leiddi í ljós að konur töldu mun frekar en karlar að það væri mikið af náttúruperlum á Akranesi og í nágrenni (sjá Mynd 61). Munurinn var allnokkur en 42,7% kvenna töldu að mikið af náttúruperlum á Akranesi og í nágrenni en 26,2% karla voru þeirrar skoðunar.

Afstaða svarenda til þess hvort mikið væri af náttúruperlum á Akranesi og í nágrenni var athuguð eftir því hvort viðkomandi hefði búið áður á Vesturlandi eða ekki. Svarendur sem höfðu áður búið á Vesturlandi töldu síður að það ætti við um svæðið samanborið við þá sem ekki höfðu búið þar (sjá Mynd 62). Af þeim sem ekki höfðu búið á Vesturlandi töldu 37,9% að það ætti mjög eða frekar vel við Akranes og nágrenni, á meðan mun lægra hlutfall eða 27,6% brottfluttra Vestlendinga voru á sama máli .



**Mynd 61** Mikið af náttúruþerlum á Akranesi og nágrenni, greint eftir kyni<sup>36</sup>




**Mynd 62** Mikið af náttúruþerlum á Akranesi og nágrenni, greint eftir því hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>37</sup>

<sup>36</sup> \*\*\* $\chi^2$  (3) 17,42 p<0,001

<sup>37</sup> \* $\chi^2$  (3) 6,76 p<0,1

Afstaða svarenda til þess hvort Akranes og nágrenni tengdist menningu í þeirra huga var greind eftir aldri (sjá Mynd 63). Afstaðan var greinilega aldurstengd og menning tengdist svæðinu frekar í huga svarenda úr elsta aldurshópnum, 56-70 ára, heldur en þeirra sem voru yngri.




**Mynd 63 Tengist Akranes og nágrenni menningu að mati svarenda greint eftir aldri<sup>38</sup>**


Af svarendum á aldrinum 56-70 ára töldu 35,2% að Akranes og nágrenni tengdist menningu, 26,2% svarenda á aldrinum 36-55 ára voru sama sinnis og lægst var hlutfallið meðal svarenda á aldrinum 20-35 ára eða 12,3%.

Greining á afstöðu eftir búsetu svarenda leiddi í ljós nokkurn mun. Akranes og nágrenni tengdist frekar menningu í huga svarenda sem komu af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (sjá Mynd 64). Mun hærra hlutfall svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra eða 35,5% töldu Akranes og nágrenni tengjast menningu á meðan 23,5% svarenda af höfuðborgarsvæðinu voru sama sinnis.

<sup>38</sup> \*\* $\chi^2$  (6) 19,48 p<0,05



**Mynd 64** Tengist Akranes og nágrenni menningu að mati svarenda greint eftir búsetu<sup>39</sup>




**Mynd 65** Eru afþreyingamöguleikar miklir á ferðalögum á Akranesi og nágrenni greint eftir aldri<sup>40</sup>

<sup>39</sup> \* $\chi^2$  (3) 7,01 p<0,1

Athugun á afstöðu eftir aldri svarenda til afþreyingarmöguleika á ferðalögum leiddi í ljós að eldri svarendur voru oftast sammála því að afþreying á ferðalögum væri til staðar á Akranesi og nágrenni (sjá Mynd 65). Rúm 45% svarenda á aldrinum 56-70 ára töldu afþreyingarmöguleika vera mikla, 36,4% svarenda á aldrinum 36-55 ára var sama sinnis og lægst var hlutfallið meðal svarenda úr aldurshópnum 20-35 eða 27,5%.

Eitt af þeim atriðum sem spurt var um var veðurfar. Mun hærra hlutfall kvenna en karla taldi að gott veðurfar einkenndi Akranes og nágrenni (sjá Mynd 66).




**Mynd 66** Telur fólk að á Akranesi og nágrenni sé oft gott veður greint eftir kyni<sup>41</sup>

Meira en þriðjungur kvenna (34,7%) taldi að það ætti mjög eða frekar vel við Akranes og nágrenni að þar sé oft gott veður á meðan mun lægra hlutfall eða 22,8% karla voru sama sinnis.


Afstaða til þess hversu vel eigi við Akranes og nágrenni að þar sé oft gott veður var greind eftir aldri svarenda. Svarendur úr aldurshópnum 56-70 ára töldu frekar en aðrir að sú fullyrðing ætti mjög eða frekar vel við svæðið (sjá Mynd 67). Rúm 37% svarenda á aldrinum 56-70 ára taldi það eiga mjög eða frekar vel við en mun lægra hlutfall svarenda úr öðrum aldurshópum var sama sinnis eða 25,2% sem voru 36-55 ára og 25,7% sem voru 20-35 ára.

<sup>40</sup>  $\chi^2$  (6) 11,39 p<0,1

<sup>41</sup>  $\chi^2$  (3) 13,73 p<0,05



**Mynd 67** Telur fólk að á Akranesi og nágrenni sé oft gott veður greint eftir aldri<sup>42</sup>




**Mynd 68** Telur fólk að á Akranesi og nágrenni sé oft gott veður greint eftir búsetu<sup>43</sup>

<sup>42</sup>  $\chi^2(3) 6,36 p < 0,1$

<sup>43</sup>  $\chi^2(6) 12,14 p < 0,1$

Afstaða svarenda til þess hvort þeir teldu að gott veðurfar einkenna Akranes og nágrenni var greind eftir búsetu. Mun herra hlutfall svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, heldur en af höfuðborgarsvæðinu töldu fullyrðinguna eiga mjög eða frekar vel við svæðið (sjá Mynd 68). Meira en þriðjungur svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (34,4%) taldi að gott veðurfar einkenndi Akranes og nágrenni á meðan heldur lægra hlutfall eða 28,6% svarenda af höfuðborgarsvæðinu var sama sinnis.

Afstaða svarenda til þess hvort það ætti við um Akranes og nágrenni að þar séu margir áhugaverðir sögustaðir, var greind eftir kyni. Konur virtust frekar en karlar vera á þeirri skoðun að svo væri (sjá Mynd 69).




**Mynd 69 Telur fólk að á Akranesi og nágrenni séu margir áhugaverðir sögustaðir greint eftir kyni<sup>44</sup>**


Meira en þriðjungur kvenna (36,4%) töldu að á Akranesi og nágrenni væru margir áhugaverðir sögustaðir á meðan 25,8% karla voru sömu skoðunar.

Þegar afstaða til þess hvort margir áhugaverðir sögustaðir væru á Akranesi og í nágrenni var greind eftir aldri þá taldi herra hlutfall eldri svarenda að svo væri (sjá Mynd 70). Hæst hlutfall svarenda úr aldurshópnum 56-70 ára eða 42% taldi að það ætti mjög eða frekar vel við Akranes og nágrenni. Mun lægra hlutfall úr öðrum aldurshópum var sama sinnis eða 27,8% svarenda á aldrinum 36-55 ára og 23,1% þeirra sem voru 20-35 ára.

<sup>44</sup> \* $\chi^2$  (3) 6,89 p<0,1



**Mynd 70** Telur fólk að á Akranesi og nágrenni séu margir áhugaverðir sögustaðir greint eftir aldri<sup>45</sup>




**Mynd 71** Telur fólk að á Akranesi og nágrenni séu margir áhugaverðir sögustaðir greint eftir búsetu<sup>46</sup>

<sup>45</sup> \* $\chi^2$  (6) 10,70 p<0,1



Afstaða svarenda til hversu vel eigi við Akranes og nágrenni að þar séu margir áhugaverðir sögustaðir var einnig greind eftir búsetu. Hér kom nokkuð mikill munur fram en svarendur af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra töldu mun frekar en svarendur af höfuðborgarsvæðinu að margir áhugaverðir sögustaðir væru á Akranesi (sjá Mynd 71). Næstum helmingur svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (46,6%) taldi það eiga mjög eða frekar vel við en mun lægra hlutfall svarenda af höfuðborgarsvæðinu var sama sinnis eða 28,2%.

Afstaða til þess hvort að á Akranesi og nágrenni væri gott úrval veitingastaða greind eftir búsetu. Munurinn er greinilegur en svarendur af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra töldu fremur en svarendur af höfuðborgarsvæðinu að það ætti mjög eða frekar vel við (sjá Mynd 72).



**Mynd 72** Telur fólk að á Akranesi og nágrenni sé gott úrval af veitingastöðum greint eftir búsetu<sup>47</sup>

Mun hærra hlutfall svarenda af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra (38,6%) taldi það eiga mjög eða frekar vel við Akranes og nágrenni væri gott úrval af veitingastöðum, en á höfuðborgarsvæðinu voru 16,7% svarenda þeirrar skoðunar.

<sup>46</sup>  $\chi^2(3) 8,80 p < 0,05$

<sup>47</sup>  $\chi^2(3) 23,79 p < 0,001$

## Borgarfjörður

Þátttakendur í könnuninni voru spurðir hversu vel eða illa þeir teldu að ákveðnir þættir ættu við um Borgarfjörð. Meirihluti svarenda taldi að fimm af sex þáttum sem spurt var um ætti mjög eða frekar vel við um Borgarfjörð.


**Tafla 9 Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Borgarfjörð?**

	Á mjög vel við	Á frekar vel við	Á frekar illa við	Á mjög illa við	Fjöldi
Þar er mikið af náttúruperlum	68,4%	28,4%	2,9%	0,2%	443
Svæðið tengist menningu í mínum huga	35,2%	38,8%	21,5%	4,5%	446
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	41,4%	46,2%	11,8%	0,7%	442
Þar er oft gott veður	26,1%	55,9%	16,8%	1,1%	440
Margir áhugaverðir sögustaðir	56,1%	34,8%	7,6%	1,6%	446
Gott úrval af veitingastöðum	6,5%	27,4%	50,2%	15,9%	434


Mikill meirihluti svarenda (96,8%) taldi að það ætti mjög eða frekar vel við um Borgarfjörð að þar væri mikið af náttúruperlum, 74% töldu að svæðið tengjast menningu, 87,6% að þar væri að finna marga afþreyingarmöguleika á ferðalögum, 82% að þar væri oft gott veður og 90,9% að þar væri að finna áhugaverða sögustaði (sjá Tafla 9). Mun lægra hlutfall svarenda eða 33,9% var á því að það ætti vel við um Borgarfjörð að þar væri að finna úrval góðra veitingastaða. Náttúruperlur og sögustaðir eru þeir þættir sem svarendum fannst best eiga við um Borgarfjörð en gott úrval af veitingastöðum átti síst á við af þessum sex atriðum sem spurt var um.

Afstaða svarenda til ofangreindra þátta var greind eftir kyni, aldri, búsetu og því hvort að svarendur hefðu búið á Vesturlandi eða ekki. Einungis er fjallað um marktækan mun. (Myndir 73-83).

Greining á afstöðu eftir aldri til þess hvort það ætti vel við um Borgarfjörð að þar væri mikið af náttúruperlum leiddi í ljós að það viðhorf virtist nokkuð aldurstengd. Afstaða elstu svarenda var eindregnust í þá átt að mikið af náttúruperlum einkenni Borgarfjörð (sjá Mynd 73). Mikill meirihluti svarenda á aldrinum 56-70 ára (98,6%) var á þeirri skoðun og þar af voru tæp 80% að það ætti mjög vel við. Afstaða svarenda á aldrinum 36-55 ára var ekki eins eindregin en samt mjög skýr en þar töldu 97,6% að það ætti mjög eða frekar vel við og á sama hátt telja 91,4% þeirra sem voru 20-35 ára að mikið væri af náttúruperlum í Borgarfirði.



**Mynd 73 Er mikið af náttúruperlum í Borgarfirði greint eftir aldri<sup>48</sup>**




**Mynd 74 Tengist Borgarfjörður menningu greint eftir aldri<sup>49</sup>**

<sup>48</sup>  $\chi^2(4) 16,11 p < 0,05$

<sup>49</sup>  $\chi^2(6) 36,42 p < 0,001$

Greining á afstöðu eftir aldri til þess hvort að svæðið tengist menningu í huga svarenda sýnir að eldri svarendur voru frekar á þeirri skoðun (sjá Mynd 74). Mikill meirihluti á aldrinum 56-70 ára taldi að Borgarfjörður tengdist menningu og þar af var um helmingur þeirra á því að menning ætti mjög vel við um Borgarfjörð. Af svarendum á aldrinum 36-55 ára töldu 73,0% þeirra að fullyrðingin ætti mjög eða frekar vel við en heldur lægra hlutfall var á sama máli meðal þeirra sem voru 20-35 ára (57,2%).

Afstaða til þess hvort Borgarfjörður tengist menningu var einnig greind eftir því hvort svarendur hefðu búið áður á Vesturlandi eða ekki. Þeir sem höfðu búið áður á Vesturlandi voru frekar á þeirri skoðun að Borgarfjörður tengdist menningu (sjá Mynd 75).




**Mynd 75 Tengist Borgarfjörður menningu greint eftir því hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>50</sup>**


Af svarendum sem búið höfðu áður á Vesturlandi töldu 82,2% að fullyrðing um að Borgarfjörður tengist menningu ætti mjög eða frekar vel við. Heldur lægra hlutfall þeirra sem ekki höfðu búið áður á Vesturlandi töldu að fullyrðingin ætti vel við eða 70,8% þeirra.

Afstaða svarenda til þess hvort þeir teldu að afþreyingarmöguleikar væru miklir á ferðalögum í Borgarfirði var greind eftir aldri. Eldri svarendur voru mun frekar á því að slík fullyrðing ætti vel við Borgarfjörð heldur en þeir sem voru yngri (sjá Mynd 76).

<sup>50</sup> \* $\chi^2$  (3) 6,55  $\delta < 0,1$



**Mynd 76** Eru afþreyingarmöguleikar á ferðalögum í Borgarfirði miklir að mati svarenda greint eftir aldri<sup>51</sup>




**Mynd 77** Er oft gott veður í Borgarfirði að mati svarenda greint eftir aldri<sup>52</sup>

<sup>51</sup> \*\*\* $\chi^2$  (4) 26,38  $p < 0,001$

<sup>52</sup> \*\*\* $\chi^2$  (4) 22,76  $p < 0,001$

Þegar svarendur voru spurðir hvort að það væri oft gott veður í Borgarfirði, var yngsti aldurshópurinn helst ósammála því, þar sem rúmlega þriðjungar sagði það eiga mjög eða frekar illa við, samanborið við 17,4% þeirra sem eru 36-55 ára og 8,0% þeirra sem 56-70 ára (sjá Mynd 77).




### Mynd 78 Eru margir áhugaverðir sögustaðir í Borgarfirði greint eftir aldri<sup>53</sup>

Þegar það var greint eftir aldri hvort að svarendur teldu að í Borgarfirði væru margir áhugaverðir sögustaðir, þá voru eldri aldurshóparnir því frekar sammála heldur en yngri (sjá Mynd 78). Af þeim sem voru 56-70 ára töldu 67,5% að það ætti mjög vel við samanborið við 55,2% þeirra sem voru 36-55 ára og 40,3% þeirra sem voru í yngsta aldurshópnum.


Það er greinilegt að þeir sem höfðu búið á Vesturlandi töldu það frekar eiga við að í Borgarfirði væru margir áhugaverðir sögustaðir, samanborið við þá sem ekki höfðu búið þar (sjá Mynd 79). Af þeim sem höfðu búið á Vesturlandi, töldu 68,1% að það ætti mjög vel við, en þeir sem ekki höfðu búið þar töldu það einungis eiga mjög vel við í rúmlega 50% tilvika.

Þegar spurt var hvort það væri gott úrval af veitingastöðum í Borgarfirði, þá var yngsti aldurshópurinn síst á því að svo væri (sjá Mynd 80). Af þeim sem voru 20-35 ára taldi fjórðungur það eiga illa við samanborið við 15,4% þeirra sem voru 36-55 ára og 9,5% þeirra sem voru í elsta aldurshópnum.

<sup>53</sup> \*\*\* $\chi^2$  (4) 28,33  $p < 0,001$



**Mynd 79** Eru margir áhugaverðir sögustaðir í Borgarfirði greint eftir því hvort að svarendur hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>54</sup>



**Mynd 80** Er gott úrval af veitingastöðum í Borgarfirði greint eftir aldri<sup>55</sup>

<sup>54</sup> \* $\chi^2$  (3) 12,14 p<0,1

<sup>55</sup> \*\*\* $\chi^2$  (6) 35,30 p<0,001

## Snæfellsnes

**Tafla 10 Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Snæfellsnes?**

	Á mjög vel við	Á frekar vel við	Á frekar illa við	Á mjög illa við	Fjöldi
Þar er mikið af náttúruperlum	82,2%	16,9%	0,9%	-	444
Svæðið tengist menningu í mínum huga	24,2%	39,3%	32,4%	4,1%	438
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	46,2%	43,7%	9,0%	1,1%	442
Þar er oft gott veður	16,9%	48,5%	30,9%	3,7%	433
Margir áhugaverðir sögustaðir	42,6%	43,7%	12,8%	0,9%	439
Gott úrval af veitingastöðum	10,2%	33,6%	43,0%	13,2%	423


Rétt eins og með Borgarfjörð sýnir greiningin á skoðunum fólks á Snæfellsnesi að í öllum atriðum nema einu sem spurt var um fannst svarendum þau eiga fremur vel við en illa (sjá töflu 10). Meirihluti svarenda taldi það standast vel eða frekar vel að á nesinu sé mikið af náttúruperlum (99%), að menning tengist svæðinu (64%), að þar séu margir afþreyingarmöguleikar (90%), að þar sé oft gott veður (65%) og að þar sé að finna áhugaverða sögustaði (86%). Rétt eins og í Borgarfirði gegnir öðru máli um þá fullyrðingu að finna megi úrval góðra veitingastaða, en þar var hlutfall þeirra sem töldu það eiga við einungis 44% - þó tæpur helmingur. Óhætt má því telja að hvað þessa þætti varðar sé Snæfellsnesið vel statt ímyndarlega, nema helst hvað varðar veitingastaði – þar virðist eitthvað vanta upp á.

Í framhaldi af þessu voru atriðin í töflu 10 greind eftir kyni, aldri, búsetu og því hvort að svarendur hefðu búið á Vesturlandi eða ekki. Einungis er fjallað um marktækan mun. (Myndir 81-82).


Konur töldu frekar að það eigi mjög vel við að það sé oft gott veður á Snæfellsnesi, eða 21,2% kvenna á móti 11,3% karla (sjá Mynd 81).

Þegar það er skoðað hvort að svarendum fannst vera gott úrval af veitingastöðum á Snæfellsnesi, var það helst yngsti aldurshópurinn sem taldi að svo sé ekki (sjá Mynd 82). Af þeim voru 20-35 ára töldu 67,5% það ætti mjög eða frekar illa við að þar væri mikið úrval af veitingastöðum, samanborið við 55,9% þeirra sem voru 36-55 ára og tæpan helming þeirra sem voru elstir.





**Mynd 81 Er oft gott veður á Snæfellsnesi að mati svarenda greint eftir kyni<sup>56</sup>**



**Mynd 82 Er gott úrval af veitingastöðum á Snæfellsnesi að mati svarenda greint eftir aldri<sup>57</sup>**

<sup>56</sup> \*\*\* $\chi^2$  (3) 19,70 p<0,001

<sup>57</sup> \*\* $\chi^2$  (6) 16,88 p<0,05

## Dalir

**Tafla 11 Hversu vel eða illa finnst þér neðantaldir þættir eiga við um Dalina?**


	Á mjög vel við	Á frekar vel við	Á frekar illa við	Á mjög illa við	Fjöldi
Þar er mikið af náttúruperlum	25,4%	46,3%	26,0%	2,3%	393
Svæðið tengist menningu í mínum huga	16,0%	32,6%	36,4%	15,0%	393
Afþreyingarmöguleikar á ferðalögum eru miklir	10,0%	33,8%	46,3%	10,0%	391
Þar er oft gott veður	14,5%	52,2%	27,3%	6,0%	385
Margir áhugaverðir sögustaðir	30,6%	43,3%	21,5%	4,6%	395
Gott úrval af veitingastöðum	1,8%	6,8%	49,6%	41,7%	381

Tafla 11 sýnir að í þremur af þeim atriðum sem spurt var um fannst svarendur þau eiga fremur vel við en illa. Meirihluti svarenda taldi það eiga mjög eða frekar vel við að í Dölum sé mikið af náttúruperlum (72%), að þar sé oft gott veður (67%) og að þar sé að finna áhugaverða sögustaði (74%). Öðru máli gegnir um þá fullyrðingu að í Dölum megi finna úrval góðra veitingastaða, en þar var hlutfall þeirra sem töldu það eiga við einungis tæp 9 prósent - að menning tengist svæðinu (49%) - að þar séu margir afþreyingarmöguleikar (44%). Telja má að hvað þessa þætti varðar sé spurning hversu vel Dalamenn séu staddir ímyndarlega. Styrkurinn liggur í náttúrunni, veðrinu og í sögunni, veikleikana er fremur að finna í afþreyingu og ekki síst í þjónustunni, en alvarlega virðist skorta á veitingaflóruna í héraðinu, ef marka má svörin í þessari könnun.

Í framhaldi af þessu voru atriðin í töflu 6 greind eftir kyni, aldri, búsetu og því hvort að svarendur hefðu búið á Vesturlandi eða ekki. Einungis er fjallað um marktækan mun. (Myndir 83- 88).


Þegar það er skoðað eftir aldri hvort að svarendur töldu að það væri mikið af náttúruperlum í Dölunum má sjá að yngsti aldurshópurinn var því helst sammála (sjá Mynd 83). Af þeim sem voru á aldrinum 20-35 ára töldu um 20% að það væri ekki mikið af náttúruperlum í Dölunum samanborið við um 35% þeirra sem voru 36-55 ára og 26,5% þeirra sem voru 56-70 ára.

Eldri svarendur töldu frekar að Dalirnir tengdust menningu heldur en yngri svarendur (sjá Mynd 84). Um 60% þeirra sem voru 56-70 ára töldu að það eiga mjög eða frekar vel við að Dalirnir tengdust menningu, samanborið við um 46% þeirra sem voru 36-55 ára og um 36% þeirra sem voru 20-35 ára.



**Mynd 83**  
aldri<sup>58</sup>

**Er mikið af náttúruþerlum í Döllum að mati svarenda greint eftir**




**Mynd 84**

**Tengjast Dalirnir menningu að mati svarenda greint eftir aldri<sup>59</sup>**

<sup>58</sup> \*\* $\chi^2$  (4) 9,93 p< 0,05

<sup>59</sup> \*\*\* $\chi^2$  (6) 28,91 p<0,001

Á Mynd 85 má sjá að þeir sem höfðu búið á Vesturlandi töldu frekar að Dalirnir tengdust menningu, heldur en þeir sem ekki höfðu búið þar. Af þeim sem höfðu búið á Vesturlandi, töldu 56,1% að Dalirnir tengdust menningu samanborið við um 46% þeirra sem ekki höfðu búið þar.




**Mynd 85 Tengjast Dalirnir menningu að mati svarenda greint eftir því hvort þeir hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>60</sup>**


Þegar það er greint eftir búsetu hvort að svarendur töldu að það væru margir áhugaverðir sögustaðir í Dölunum, má sjá á Mynd 86 að höfuðborgarbúar töldu síður að svo væri, heldur en þeir sem bjuggu á Vestfjörðum eða á Norðurlandi vestra. Rúm 85% þeirra sem bjuggu á Vestfjörðum eða á Norðurlandi vestra töldu það eiga mjög eða frekar vel við að það væru margir áhugaverðir sögustaðir í Dölunum samanborið við um 70% höfuðborgarbúa.

Þeir sem höfðu búið á Vesturlandi töldu frekar að það væru margir áhugaverðir sögustaðir í Dölunum, heldur en þeir sem ekki höfðu búið á Vesturlandi (sjá Mynd 87). Rúm 37% þeirra sem höfðu búið á Vesturlandi töldu það eiga mjög vel við að í Dölunum væru áhugaverðir sögustaðir, á móti um 28% þeirra sem ekki höfðu búið á Vesturlandi.

<sup>60</sup> \* $\chi^2$  (3) 7,24 p < 0,1




**Mynd 86** Eru margir áhugaverðir sögustaðir í Dölnum að mati svarenda greint eftir búsetu<sup>61</sup>



**Mynd 87** Eru margir áhugaverðir sögustaðir í Dölnum að mati svarenda greint eftir því hvort þeir hafi búið á Vesturlandi eða ekki<sup>62</sup>

<sup>61</sup>  $\chi^2(3) 8,14 p < 0,05$



**Mynd 88 Er gott úrval af veitingastaðum í Dölnum að mati svarenda greint eftir aldri<sup>63</sup>**


Þegar svarendur voru spurðir hvort það væri gott úrval veitingastaða í Dölnum, má greinilega sjá aldursskiptingu í svörum (sjá Mynd 88). Yngra fólk taldi síður að það væri gott úrval veitingastaða samanborið við eldra fólk. Þegar þeir eru skoðaðir sem sögðu það eiga mjög eða frekar vel við að það væri gott úrval, þá sögðu einungis 3,1% þeirra sem voru 20-35 ára það eiga mjög eða frekar vel við, en 6,5% þeirra sem voru 36-55 ára og 15,6% þeirra sem voru 56-70 ára.

<sup>62</sup>  $\chi^2(3) 8,68 p < 0,05$

<sup>63</sup>  $\chi^2(4) 13,77 p < 0,05$

## Samantekt

Á Mynd 89 má sjá að ímynd Borgarfjarðar og Snæfellsness er sterkust varðandi menningatengda þætti, þ.e. svæði sem bjóða upp á náttúrufergurð sem og afþreyingu. Þegar spurt var um veðurfar og áhugaverða sögustaði komu Dalir sterkari inn ásamt Borgarfirði og Snæfellsnesi. Þegar spurt var um þætti tengda ferðapjónustu á Akranessvæðinu, kom það svæði lakar út, íbúar á höfuðborgarsvæðinu, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra virtust ekki líta svo á að Akranes hafi upp á margt að bjóða sem er tengt ferðamennsku samkvæmt því sem spurt var um í þessari könnun. Sameiginlegur veikleiki allra svæðanna virðist liggja í úrvali af góðum veitingastöðum, en svarendur eru því síst sammála að það sé gott úrval – nema helst hvað varðar Snæfellsnesið.



### Mynd 89 Samanburður eftir svæðum á þeim sem segja ferðatengda þætti eiga mjög eða frekar vel við

Þegar spurt var um hvort að það væri mikið af náttúruperlum á þessum svæðum, þá kom einungis fram munur eftir kynjum þegar spurt var um Akranessvæðið, þar sem konur voru því frekar sammála að þar væri mikið af náttúruperlum, samanborið við karla. Þegar spurt var í Borgarfirði og Dölum voru eldri aldurshópar frekar á því að þar væri mikið af náttúruperlum. Eins kom fram að þeir sem höfðu búið á Vesturlandi voru því frekar sammála að á Akranesi væri mikið af náttúruperlum, samanborið við þá sem hafa ekki búið þar. Það gæti komið til vegna þess að þeir þekki betur til náttúru svæðisins, eða kunni betur að meta þá náttúrufergurð sem Akranes hefur upp á að bjóða.

Almennt virtust yngri svarendur líta síður á að Akranes og nágrenni, Borgarfjörður og Dalir tengdust menningu, samanborið við eldri svarendur. Ekki kom fram aldursmunur þegar spurt var

hvort að Snæfellsnessvæðið væri tengt menningu. Þegar búseta svarenda var skoðuð í tengslum við hvort þeir teldu svæðið vera menningartengt, kom einungis fram munur þegar spurt var um Akranes, þar sem höfuðborgarbúar litu síður á að svæðið tengdist menningu. Loks voru þeir sem höfðu búið á Vesturlandi, frekar á því að Borgarfjörður og Dalir tengdust menningu heldur en þeir sem ekki hafa búið þar.

Eldri svarendur voru frekar á því að afþreyingamöguleikar á ferðalögum í Borgarfirði og á Akranesi séu miklir, samanborið við yngri svarendur. Hér verður að taka tillit til þess hvað svarendur líta á sem afþreyingu. Mögulega gæti verið munur eftir aldri hvað fólk telur vera afþreyingu á ferðalögum og þess vegna kemur fram þessi aldursmunur.

Konur voru frekar sammála því að á Akranesi og á Snæfellsnesi væri oft gott veður. Það er hugsanlegt að kynin leggi ólíka merkingu í hvað er gott veður eða að konur þekki betur til veðurfarsins á þessum svæðum, en út frá þessum gögnum er ekki hægt að álykta um hvort það sé tilfellið. Einnig má greina aldursmun þegar spurt var um veðurfar á Akranesi og í Borgarfirði þar sem yngsti aldurshópurinn var því síst sammála. Eins kom fram að þeir sem höfðu búið á Vesturlandi voru því frekar sammála að á Akranesi væri oft gott veður, og getur það komið til vegna þess að þeir þekkja betur til svæðisins og veðurfarsins, heldur en þeir sem ekki hafa búið þar.

Þegar spurt var um hvort að áhugaverðir sögustaðir væru á svæðunum, voru konur því frekar sammála að það ætti við um Akranes, samanborið við karla. Eins kom fram munur eftir aldri þegar spurt var um Akranes og Borgarfjörð, þar sem eldri svarendur litu frekar á að þar væru áhugaverðir sögustaðir, samanborið við yngri svarendur. Þegar þetta var skoðað eftir búsetu, þá litu íbúar af Vestfjörðum og Norðurlandi vestra frekar svo á að á Akranesi og í Dölunum væru margir áhugaverðir sögustaðir, en höfuðborgarbúar síður. Að lokum mátti greina mun á þeim sem höfðu búið á Vesturlandi og þeim sem ekki höfðu þar búið, þar sem fyrrnefndi hópurinn var því frekar sammála að í Borgarfirði og Dölunum væru margir áhugaverðir sögustaðir.

Síðast var spurt um hvort að fólk teldi úrval veitingastaða á þessum landssvæðum vera gott, og í Borgarfirði, á Snæfellsnesi og í Dölum var gegnumgangandi að yngri svarendur voru því síst sammála. Hér ber að líta til hvað fólk á við með úrvali af góðum veitingastöðum. Það er hugsanlegt að eldri svarendur leggi aðra merkingu í hvað er gott úrval góðra veitingastaða eða að þeir séu kunnugri úrvali veitingastaða á þessum svæðum samanborið við þá sem eru yngri.

Þegar þetta var greint eftir búsetu, voru höfuðborgarbúar síður á því að úrval veitingastaða væri gott á Akranesi en Vestfirðingar og þeir frá Norðurlandi vestra því helst sammála. Hér getur verið að höfuðborgarbúar leggi aðra merkingu í hvað sé gott úrval veitingastaða. Þ.e. ef að íbúar sem búa á Vestfjörðum geta valið um t.d. tvo veitingastaði, þá gætu þeir litið svo á að úrval fjögurra góðra veitingastaða, sé gott úrval. Á meðan geta höfuðborgarbúar valið um tugi veitingastaða og líta því ekki svo á að það sé gott úrval veitingastaða á Akranesi, þar sem um færri staði er að ræða.



## 7. Rýnihópar

### Niðurstöður rýnihóparannsókna

Framkvæmdar voru tvær rýnihóparannsóknir í tengslum við úrvinnslu gagna úr póstkönnun á ímynd Vesturlands. Markmiðið með þeim var að dýpka skilning á helstu niðurstöðum úr könnuninni. Lögð var sérstök áhersla á tvennt í viðtölunum, annarsvegar hvort þátttakendur hefðu einhverju að bæta við þau atriði sem komið var inn á í könnuninni og hinsvegar hvort um væri að ræða jákvæða eða neikvæða ímyndarþætti í hugum viðmælenda.

Viðmælendur í rýnihópunum voru karlar og konur á aldrinum 20 til 50 ára. Viðmið við val á einstaklingum voru að rýnihóparnir myndu endurspeglar mismunandi fjölskyldugerð ásamt því sem menntun og starfsreynsla væri mismunandi milli einstaklinga. Eingöngu var rætt við fólk sem var búsett á höfuðborgarsvæðinu á þessum tíma. Hér verður gerð grein fyrir helstu niðurstöðum úr rýnihóparannsóknum.

### Hvað dettur fólki fyrst í hug þegar svæðin eru nefnd?

#### Vesturland

Rætt var um hvað það fyrsta væri sem fólki kæmi í hug þegar Vesturland væri nefnt. Viðmælendum var efst í huga Snæfellsnes og/eða Snæfellsjökull. Af öðrum þáttum má nefna Reykholt, Stykkishólm, Búðir, Arnarstapa, fisk, náttúru, veiði og sumarhús.

#### Akranes og nágrenni

Þegar rætt var um hvað það fyrsta væri sem fólki kæmi í hug þegar Akranes og nágrenni væri nefnt kom fótbolti og fótboltamót upp í hugann. Af öðrum þáttum sem nefndir voru má nefna Hvalfjörðinn, Akrafjall, golf, göngin, verksmiðjur og stóriðju.

#### Borgarfjörður

Það fyrsta sem fólki kom í hug þegar Borgarfjörður var nefndur var Borgarnes, Munaðarnes, Reykholt, náttúrufegurð og sumarhús. Fleiri þættir voru nefndir eins og bensínstöðvarnar, sundlaugin og sögustaðir.

#### Snæfellsnes

Þegar rætt var um hvað það fyrsta væri sem fólki kæmi í hug þegar Snæfellsnes væri nefnt kom Snæfellsjökull upp í hugann. Dæmi um fleiri staði og þætti sem nefndir voru, eru Stykkishólmur, Arnarstapi, gönguleiðir og Búðir.

#### Dalir

Þegar Dalir voru nefndir kom Laxdæla fyrst upp í huga viðmælenda, sauðfjárrækt, Leifur Eiríksson og ostagerð. Einnig var lagið "Er ég kem heim í Búðardal" nefnt og bók eftir Jón Kalmann sem gerist í Búðardal.

Samkvæmt viðmælendum úr rýnihópunum virtist Snæfellsnesjökull standa upp úr sem það sem fólki dettur fyrst í hug þegar Vesturland er nefnt. Sama má segja um Akranes, þar sker fótboltinn sig úr og síðan virðist stóriðjan vera fólki ofarlega í huga. Í Borgarfirði virtust viðmælendur síður á einu máli um eitthvað eitt sem einkenndi svæðið. Snæfellsjökull kemur aftur upp þegar Snæfellsnesið er nefnt en Dalir eiga það sammerkt með Borgarfirði að þar var erfiðara að greina hvort eitthvað eitt eða tvennt væri fólki efst í huga þegar svæðið var nefnt.

## Hvernig ímynd hafa svæðin?

### Akranes og nágrenni

Samkvæmt könnuninni datt svarendum hennar helst í hug fótbolti, Sementverksmiðjan, Hvalfjarðargöng og stóriðja á Grundartanga þegar spurt var um Akranes og nágrenni. Viðmælendur í rýnihópunum voru beðnir um að ræða hverskonar ímynd þessir þættir gæfu svæðinu. Í huga þeirra virðist fótbolti sem íþrótt vera jákvæð ímynd. Ímynd svæðisins væri þó mikið tengd atvinnu en síður t.d. útivist, afþreyingu og náttúru og að það væri ekki aðlaðandi ímynd. Orð sem notuð voru til að lýsa ímyndinni voru "hörð" og "gróf", tengist steypu og sementi. Hvalfjarðargöngin eru þó jákvæð. Einn viðmælandi notaði orðið stóriðjuímynd.

### Borgarfjörður

Samkvæmt könnuninni datt svarendum einkum í hug sumarþustaðir, verslun/sjoppur, náttúruvegurð og sagan þegar spurt var hvað þeim kæmi helst í hug þegar Borgarfjörður væri nefndur. Viðmælendur í rýnihópunum voru beðnir um að ræða hverskonar ímynd þessir þættir gæfu svæðinu. Viðmælendur töldu almennt að þessir þættir gæfu frekar jákvæða ímynd af svæðinu. Einn viðmælandi vildi þó undanskilja sjoppurnar en aðrir töldu að þær væru jákvæðar. Rök sem færð voru fyrir jákvæðri ímynd svæðisins voru t.d. "Borgarnes ofsalega fallegt bæjarstæði," "gott að skreppa þangað í fríð," "ekki verksmiðjutengt," "ferðamannasvæði," "afþreying". "Meiri kúltúr yfir þessari menningu."

### Snæfellsnes

Samkvæmt könnuninni datt svarendum einkum í hug Snæfellsjökull, náttúruvegurð, Stykkishólmur og Búðir þegar spurt var hvað þeim kæmi helst í hug þegar Snæfellsnes væri nefnt. Viðmælendur í rýnihópunum voru beðnir að ræða hverskonar ímynd þessir þættir gæfu svæðinu. Viðmælendur töldu að þessir þættir gæfu svæðinu jákvæða ímynd. Sem dæmi um ummæli viðmælenda má nefna; "lang-ævintýralegasta svæðið," "jökullinn er mjög sterkt tákn", "svipuð ímynd og Borgarfjörður hefur," "meira samt upptalning á stöðum".

### Dalir

Samkvæmt könnuninni datt svarendum einkum í hug Búðardalur, náttúruvegurð, útivist og sveit ásamt t.d. Eiríksstöðum og fleiri stöðum tengdum sögunni þegar spurt var hvað þeim kæmi helst í hug þegar Dalir væru nefndir. Viðmælendur í rýnihópunum voru beðnir að ræða hverskonar ímynd þessir þættir gæfu svæðinu og töldu þeir hana vera frekar hlutlaus. Landbúnaður og sagan hefur frekar jákvæða ímynd. Sem dæmi um ummæli viðmælenda má nefna; "Tún og beljur á beit eru jákvæð, það væri mjög jákvætt ef almenningur gæti farið heim á bæi, fengið að smakka osta og verslað." "Lítill þekking á staðnum." "Ekkert er ekki jákvæð ímynd."

## Eitthvað sem vantar inn í umfjöllun um ímynd svæðanna

Viðmælendur voru spurðir hvort að þeim fyndist eitthvað vanta inn í umfjöllun um svæðin sem þá hugsanlega tengdist ímynd þeirra. Viðmælendur töldu að koma þyrfti Hvalfirðinum inn í umræðuna um Akranes og nágrenni, "Hvalfjörðurinn er mjög fallegur". Ennfremur þyrfti að koma safnasvæðinu að og síðan væri það golfvöllurinn.

Þegar kom að því að ræða hvort eitthvað vantaði inn í umræðuna um ímynd Borgarfjarðar var helst að viðmælendur nefndu Bifröst. Viðmælendur nefndu fleiri þætti sem hefðu með ímynd svæðisins að gera að þeirra mati eins og Landbúnaðarháskólann, Snorra Sturluson, veiðiár, tjaldstæði, Skorradal, rokið og Hafnarfjallið, Langjökul, Eiríksjökul.

Þegar kom að Snæfellsnesi nefndu viðmælendur helst að koma mætti sjávarútveginum að, bátsferðum og Breiðafjarðareyjum. Fleiri þættir voru nefndir til sögunnar sem gera mætti skil og

hefðu áhrif á ímynd svæðisins, m.a. Guðrún Bergman, segulmagn jökulsins, Lýsuhóll, ölkelduvatn og fleira.

Viðmælendur voru spurðir hvort eitthvað vantaði inn í umræðu um ímynd Dalanna. Þar var nefnt að hampa mætti ostinum meira. Annað sem var nefnt voru Laugar í Sælingsdal, Tungustapi og álfasaga.

## Vesturland sem áningastaður ferðamanna

Rætt var við viðmælendur í rýnihópunum um tækifæri Vesturlands og hvað mætti betur fara í tengslum við landshlutann og einstök svæði hans sem áningastaði ferðamanna. Viðmælendur töldu að Vesturland ætti að geta tekið miklu meira til sín af ferðafólki, sérstaklega Íslendingum. Almennt voru viðmælendur á því að nokkur munur væri á svæðunum í dag í þeirra huga eða eins og einn orðaði það:

“Munurinn á Snæfellsnesi og Borgarfirðinum er að þú ferð í ferðalag til að komast á Nesið en þú skreppur í Borgarfjörðinn. Bæirnir á Snæfellsnesi hafa sterkari karakter en Akranes og Borgarnes. Þetta eru endastöðvar á meðan Akranes er drive by og Borgarnes er drive through.”

Tillaga kom fram að samið yrði við Spöl um að rétta ferðafólki bækling með kvittuninni. Það þarf að kynna landshlutann meira, gera betur í merkingum á sögustöðum, útsýnistöðum og öðru merkilegu eða eins og einn viðmælandi orðaði það; “It takes money to make money.”

Skagamenn þurfa að búa til eitthvað “Eden dæmi”, þeim vantar meiri kynningu. “Það vantar eitthvað meira á Skagann til að lokka mann þangað. Það þarf t.d. að auglýsa betur safnasvæðið hjá þeim.” Viðmælendur töldu að ímynd Borgarfjarðar og þá sérstaklega Borgarness hefði batnað mikið síðustu ár. T.d. með því sem hefði gerst með Landnámssetrinu. “Borgarnes er orðið að kúltúr stað, þar er hægt að fara út að borða og í leikhús.” Það eru margir staðir í Borgarfirði sem eru áhugaverðir. Viðmælendur töldu að gera mætti betur í merkingum. Það þyrfti að vera meira um skilti sem vísuðu á markverða staði. Viðmælendur þekktu minnst til í Búðardal og töldu að þar þyrfti mikla kynningu.

## Vesturland valkostur til búsetu

Viðmælendur voru spurðir hvaða þættir þyrftu að vera til staðar til að Vesturland gæti talist góður búsetuvalkostur. Það sem helst var dregið fram var að öll skólastigin þyrftu að vera til staðar, atvinnumöguleikar, lágvöruverðsverslun og félagslíf. Landslag og umhverfi skiptir máli þegar búseta er valin úti á landi. Bæjarstæðið skiptir máli.

Viðmælendur í rýnihópunum voru spurðir hvort það væri eitthvað öðru fremur sem gæti fengið þá til að flytja út á land. Að forðast umferðaröngþveiti og stress var helst nefnt og ef gott eða betra starf byðist. Einnig töldu flestir að ef þeir væru að íhuga flutning þá myndu þeir frekar velja Vesturland en Suðurland. Myndu frekar vilja keyra í gegnum göngin en yfir Hellisheiðina.

## 8 Helstu niðurstöður

Markmið rannsóknarinnar var að kanna hver ímynd Vesturlands og einstakra svæða þess væri í augum íbúa höfuðborgarsvæðisins, íbúa Vestfjarða og Norðurlands vestra. Áhersla var lögð á að kanna ímynd svæðanna sem annarsvegar **valkosta fyrir búsetu** og hinsvegar sem **ferðamannastaða**.

Í þessum niðurstöðukafla eru dregnir fram þeir ímyndarþættir sem mest áberandi voru. Auk þess eru gerðar tillögur og ábendingar um hvaða stefnumótandi áherslur og aðgerðir einstök svæði ættu að hafa í ímyndarvinnu sinni. Bent er á að ýmsir þættir sem minna afgerandi voru geta einnig verið áhugavert innlegg í ímyndarvinnu svæðanna og kveikt hugmyndir meðal heimamanna um áður óþekkt sóknarfæri. Fjallað er sérstaklega um búsetutengda ímynd og um ferðatengda ímynd. Hafa ber í huga að sumir þættir í ímynd svæða kunna að skarast þarna á milli og eru jafnframt hluti af almennri ímynd. Dæmi um þetta er að náttúran og feegurð hennar virðist skipta máli bæði varðandi val á búsetu og hver ímynd svæða er í ferðamennsku sem og ímynd svæðanna almennt.

### Almenn ímynd Vesturlands og einstakra svæða

#### **Vesturland**

*Stærsti sameiginlegi ímyndarþáttur Vesturlands er náttúran og feegurð hennar.* Þar á eftir koma Íslendingasögurnar og atburðir tengdir henni. Þessi ímynd birtist þó ekki á öllum svæðum með sama hætti - rannsóknin leiðir í ljós að ímynd svæðanna er nokkuð mismunandi. Meira en helmingur svarenda í könnuninni bendir á atriði sem tengjast samgöngumálum sem neikvæðan þátt í ímynd landshlutans. Hugsanleg skýring er að stærri framkvæmdir á fjölförnum leiðum virki tefjandi fyrir vegfarendur, meðan á þeim stendur, en m.a. standa nú yfir framkvæmdir á þjóðvegi 1 í gegnum Norðurárdal auk þess sem nýlega er lokið við miklar endurbætur á tengingum milli svæða á Snæfellsnesi. Önnur skýring kann að vera sú að vegfarendur séu hér að benda á vegi sem ekki eru lagðir bundnu slitlagi en flest allir tengivegir eru í dag malarvegir. Það verður þó ekki litið fram hjá því að samgöngurnar eru stærsti einstaki málaflokkurinn sem bent er á sem neikvæðan þátt í ímynd Vesturlands. Eina raunhæfa lausnin virðist vera fyrir heimamenn að þrýsta áfram á bættar samgöngur.

#### **Akranes og nágrenni**

*Ímynd Akraness og nágrennis tengist áberandi mest knattspyrnu og ÍA.* Hvort heldur sem um er að ræða það sem fólki dettur fyrst í hug, helsta einkenni svæða eða atburðir tengdir þeim, er knattspyrnan og ÍA mjög ofarlega í huga fólks. Að mati viðmælenda er það jákvæð ímynd. Svæðið hefur jafnframt sterka ímynd tengda atvinnulífinu, stóriðjan á Grundartanga og Sementverksmiðjan eru mjög oft nefnd til sögunnar. Af einstökum öðrum þáttum má nefna Hvalfjarðargöngin og Akrafjallið. Neikvæð ímynd virðist einkum birtast í veðurfari - roki. Stóriðjan, Sementverksmiðjan og fiskilykt eru atvinnutengdir þættir sem eru taldir neikvæðir og er sú ímynd ekki aðlaðandi að mati viðmælenda.

*Tækifæri Akraness og nágrennis liggja í hversu sterk ímynd knattspyrnunnar er.* Sóknarfærin kunna að liggja í því sem svarendum er ekki ofarlega í huga á svæðinu en telja öðrum til tekna. Náttúran virðist almennt hafa mjög jákvæða ímynd í huga fólks og er bent á Hvalfjörðinn, Akrafjall og önnur áhugaverð útivistarsvæði. Safnasvæðið að Görðum er alloft nefnt og hljóta sóknarfæri að liggja í frekari markaðssetningu og uppbyggingu. Jákvæð ímynd knattspyrnunnar segir okkur jafnframt að enn frekari áhersla markaðssetningu íþróttasafnsins gæti verið vænleg leið til sóknar.

## **Borgarfjörður**

*Ímynd Borgarfjarðar tengist mest Íslendingasögnum, náttúrunni og náttúrufegurð. Varðandi söguna bera kempurnar Egill Skallagrímsson á Borg og Snorri Sturluson í Reykholti höfuð og herðar yfir sveitunga sína. Viðmælendur telja ímynd svæðisins almennt jákvæða. Slæmir vegir eru það sem svarendum kemur í hug sem neikvæður þáttur varðandi Borgarfjörð. Hafa þarf í huga að héraðið er víðfeðmt. Þekktir sögustaðir og náttúruperlur eru vítt og breitt um svæðið þar sem ferðamaðurinn á leið um og kann að vera að hér komi malarvegir nokkuð við sögu.*

*Sóknarfæri Borgfirðinga felast í að standa vörð um styrkleikana, menninguna, söguna og náttúruna. Margir eiga leið um svæðið, bæði vegna mikillar sumarhúsabyggðar sem og vegna ferða vestur og norður um. Borgarnes er viðkomustaður gríðarlega margra og klárlega eru þar mikil tækifæri til aukinnar þjónustu og markaðsetningar.*

## **Snæfellsnes**

*Snæfellsjökull stendur upp úr sem tákn Snæfellsness. Að mati viðmælenda hefur svæðið almennt jákvæða ímynd. Styrkleiki Snæfellsnes er að ímyndin er skýr, afdráttarlaus og sterk. Langflest af því sem kemur upp í huga fólks tengist jöklinum og náttúrufegurðinni. Stykkishólmur er sá bæjanna á Nesinu sem langþekktastur er. Þá virðist helgarhátíðin *Danskir dagar* í Stykkishólmi vera nokkuð þekkt meðal fólks. Slæmir vegir og veðurfar koma einnig upp í huga svarenda sem neikvæðir þættir.*

*Tækifæri Snæfellinga til sóknar eru klárlega tengd jöklinum og þeim ævintýraljóma sem um hann liggur. Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull hlýtur því að vera það sem byggja skal áfram á. Sóknarfæri svæðisins virðast liggja á sviði ferðamennsku og í aukinni og breiðari þjónustu við ferðamenn.*

## **Dalir**

*Íslendingasögurnar vega þyngst í ímynd Dalanna. Búðardalur er sá staður sem fólk tengir við svæðið. Náttúran og þættir tengdir sveit og landbúnaði eru fólki einnig ofarlega í huga. Viðmælendur telja slíka ímynd jákvæða en telja að ímynd svæðisins sé þó frekar hlutlaus og þurfi kynningar við. Samgöngumál eru stærsti einstaki neikvæði þátturinn í ímynd Dalanna.*

*Tækifæri Dalanna í ímyndarsköpun liggja í sögunni. Ennfremur kann sóknarfæri að liggja í jákvæðri ímynd sveitarinnar, ostagerðinni, mjólkurafurðunum og annarri ímynd tengdri landbúnaði.*

## **Hverjir vilja búa á Vesturlandi?**

*Ímynd Vesturlands sem búsetuvalkosts er góð að mati höfunda. Þetta er þó nokkuð misjafnt milli einstakra svæða. Meira en þriðjungur svarenda er tilbúinn til að íhuga að setjast að í Borgarfirði, fimmtungur á Akranesi og á Snæfellsnesi og heldur færri í Döllum. Greining eftir aldri leiddi í ljós afstöðumun þegar fólk var spurt hvort það myndi íhuga að setjast að í Borgarfirði. Eldra fólk var frekar tilbúið að íhuga flutning í Borgarfjörð en yngra. Að sama skapi var Borgarfjörður eina svæðið þar sem kom fram afstöðumunur eftir því hvort fólk hafði búið áður á Vesturlandi eða ekki. Virtust brottfluttir Vestlendingar frekar íhuga búsetu í Borgarfirði en þeir sem ekki höfðu búið þar áður.*

Þessi niðurstaða er frekari íhugunar verð í ljósi þess að langstærstur hluti þeirra sem tóku þátt í könnuninni eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu og þau svæði sem hér um ræðir eru mörgum sinnum fámennari og byggð dreifðari en í næstu grennd við borgina. Hér kann að vera um að ræða vísbendingar um að þrátt fyrir almennan straum fólks til höfuðborgarsvæðisins þá gæti engu að síður breytinga í búsetuvali. Fólk leiti á sama tíma út fyrir þéttbýlið þegar þættir eins og mikil umferð, þrengslí, hátt húsnæðisverð og fleira gera áberandi vart við sig.

### **Eftirsóknarverð búsetuskilyrði**

Þegar fólk beðið að íhuga að setjast að í öðrum landshluta, eru eftirfarandi þættir mikilvægastir í huga þess; fjölbreytt atvinnutækifæri, nálægð við náttúruna, gott fjarskiptakerfi, nálægð við lágvöruverðsverslun, lág tíðni glæpa og það að búa ekki of þétt. Því næst koma tilvist framhaldsskóla, aðstaða til íþróttar og afþreyingar, góðir grunnskólar, lægra húsnæðisverð, að losna við bílaumferð og vera í kyrrð og ró. Mun minni áhersla er lögð á nálægð við höfuðborgarsvæðið en ofangreinda þætti. Háskólar og gott framboð af leiguhúsnæði voru minna mikilvægir þættir í huga svarenda.

Sé þetta einfaldað nokkuð og flokkað kemur í ljós að fjölskyldutengdir þættir, þættir sem hafa með náttúruna og nálægð við hana að gera, ásamt efnahagslegum þáttum eru þeir meginþættir sem ráða því hvort og þá hvert fólk vill flytja – vilji það á annað borð flytja. Konur leggja almennt meiri áherslu en karlar á mikilvægi góðrar þjónustu við barnafjölskyldur og lífskjör. Yngra fólk leggur jafnframt meiri áherslu á þessa sömu þætti heldur en eldra fólk. Eldra fólk leggur hinsvegar meiri áherslu á náttúruna og kyrrðina heldur en yngra fólk.

### **Tækifæri Vesturlands sem búsetuvalkosts**

Það er ljóst að ákveðinn hópur svarenda telur Vesturland vera valkost til búsetu. Mörg búsetuskilyrði vega þyngra í huga fólks en nálægð við höfuðborgarsvæðið. Tækifæri landshlutans felast í að byggja upp ímynd í kringum þau skilyrði.

- Nálægð við náttúruna, lág tíðni glæpa, að búa ekki of þétt, minni bílaumferð og kyrrðin eru klárlega styrkleikar landshlutans og virðast höfða meira til fólks eftir því sem það er eldra.
- Stærsta tækifæri einstakra svæða liggur í að byggja upp ímynd með áherslu á góða þjónustu við barnafjölskyldur og góð lífskjör. Góðir skólar á öllum stigum í góðu umhverfi fyrir börn, ásamt góðu framboði á íþróttum eru þættir sem höfða sérstaklega til kvenna og yngra fólks. Einnig þættir eins og lægra húsnæðisverð, nálægð við lágvöruverðsverslun og gott fjarskiptakerfi.

## **Ímynd Vesturlands sem ferðamannastaðar**

Ferðatengd ímynd er nokkuð misjöfn eftir svæðum þegar tekið er mið af þeim þáttum sem spurt var um. Að mati höfunda er ímynd ferðamennsku þó í heildina góð á Vesturlandi.

Mikill meirihluti svarenda hefur þá ímynd af Snæfellsnesi að þar sé mikið af náttúruperlum, afþreyingarmöguleikar á ferðalögum séu miklir og margir áhugaverðir sögustaðir. Mun lægra hlutfall eða í kringum 2/3 svarenda telja að þar sé oft gott veður og að svæðið tengist menningu. Tæpur minnihluti svarenda telur að gott úrval af góðum veitingastöðum sé að finna á Snæfellsnesi.

Mikill meirihluti svarenda hefur jafnframt þá ímynd af Borgarfirði að þar sé mikið af náttúruperlum, margir áhugaverðir sögustaðir, afþreyingarmöguleikar á ferðalögum miklir og oft gott veður. Styrkleiki svæðisins virðist jafnframt liggja í tengingu þess við menningu. Minnihluti svarenda eða rúmur þriðjungur telur að gott úrval af góðum veitingastöðum sé að finna í Borgarfirði.

Rúmur meirihluti svarenda hefur þá ímynd af Dölunum að þar séu margir áhugaverðir sögustaðir, mikið af náttúruperlum og að veður sé þar oft gott. Innan við helmingur svarenda er á því að svæðið tengist menningu og að afþreyingarmöguleikar á ferðalögum séu miklir. Mjög lágt hlutfall svarenda telur að gott úrval af veitingastöðum sé að finna í Dölunum.

Rúmur þriðjungur svarenda hefur þá ímynd af Akranesi og nágrenni að þar séu afþreyingarmöguleikar á ferðalögum miklir og mikið af náttúruperlum. Heldur lægra hlutfall hefur þá ímynd af svæðinu að þar séu margir áhugaverðir sögustaðir, svæðið tengist menningu, veður sé oft gott og að þar sé gott úrval af góðum veitingastöðum.

Að framansögðu er ljóst að ferðatengd ímynd einstakra svæða er mjög misjöfn í huga svarenda. Hugsanlega má skýra hluta af þeim mismun sem kemur fram með þeim spurningum sem lagðar voru fyrir m.a. þar sem svæðin eru misjöfn frá náttúrunnar hendi sem og því að söguslóðir þekktustu Íslendingasagnanna eru bundnar meira við sum svæði en önnur.

### **Tækifæri Vesturlands og einstakra svæða á sviði ferðaþjónustu**

Ferðamennska er vaxandi atvinnugrein héraendis og niðurstöður rannsóknarinnar benda til að svæði Vesturlands eiga sóknarfæri á því sviði.

- Ímynd Snæfellsnes er mjög sterk á sviði ferðamennsku. Tækifærin felast í að byggja á styrkleikunum sem klárlega felast helst í náttúrunni sjálfri. Svæðið er ævintýrlegt að mati viðmælenda og hefur mjög sterkt tákni sem er Snæfellsjökull.
- Ímynd Borgarfjarðar er fjölbreytt á sviði ferðamennsku. Styrkleikarnir liggja í náttúruperlum og sögutengdri ferðamennsku. Að mati viðmælenda er ímynd svæðisins jákvæð.
- Sóknarfæri Dalanna liggja í náttúrunni og sögunni. Viðmælendur telja ímyndina ekki nægilega skýra, jafnvel hlutlausa og bendir það til þess að kynna þurfi svæðið betur. Tækifæri geta legið í jákvæðri ímynd sveitarinnar að mati viðmælenda.
- Ímynd Akraness og nágrennis á sviði ferðamennsku er ekki skýr. Sóknarfæri eru í safnasvæðinu og afþreyingu á sviði íþróttar. Akranes er fótboltabær í hugum fólks og geta tækifæri legið í að marka sér sérstöðu á því sviði. Hvalfjörðurinn er einn af styrkleikum svæðisins sem getur markað sóknarfæri á sviði náttúrutengdrar ferðaþjónustu en þarf að kynna betur og tengja ímynd svæðisins betur sem heild.
- Mikil tækifæri felast í að nýta betur þá styrkleika sem koma fram og ekki síður þar sem ímyndin er ekki eins skýr en sóknarfærin klárlega til staðar. Að mati höfunda er sameiginlegt viðfangsefni allra svæða á Vesturlandi að kynna landshlutann betur, merkja staði, auglýsa veitingastaði og efla þjónustu við ferðamenn almennt. Ein af þeim hugmyndum sem komið hefur fram og tengist markaðsetningu landshlutans er að ferðamenn sem fari um Hvalfjarðargöng fái þar afhentan kynningarbækling um landshlutann.